ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 8. apríl 1998 • 14. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Ísafjarðarbær

Bæjarmálafélag Ísafjarðarbæjar

Á sunnudag var stofnað á Hótel Ísafirði, svonefnt Bæjarmálafélag Ísafjarðarbæjar. Tilgangur félagsins er að vera vettvangur umræðna og ályktana um félagshyggju, jöfnuð og kvenfrelsi auk þess að standa að framboði til bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ.

Félagið er opið öllu félagshyggjufólki með áhuga á málefnum Ísafjarðarbæjar, en það er stofnað að tilstuðlan Alþýðubandalags, Kvennalista, Alþýðuflokks og óháðra. Í stjórn Bæjarmálafélags Ísafjarðarbæjar sitja þau Jóhanna Eyfjörð, formaður, Benedikt Bjarnason, Bergur Torfason, Guðjón Brjánsson og Sigríður Bragadóttir.

Félagið hefur þegar kynnt framboðslista sinn en 5 efstu sætin skipa þau Bryndís Friðgeirsdóttir, Sigurður Ólafsson, Sæmundur Þorvaldsson, Lárus Valdimarsson og Sigríður Bragadóttir.

Skíðamót Íslands

Sigríður þrefaldur Íslandsmeistari

Sigríður B. Þorláksdóttir frá Ísafirði vann til þrennra gullverðlauna á Skíðamóti Íslands sem lauk á Akureyri á mánudag. Með sigrinum endurheimti Sigríður Íslandsmeistaratitlana frá 1996, en hún missti af landsmóti síðasta árs vegna meiðsla.

Í sviginu var Sigríður upp á sitt besta og sýndi svo ekki verður um villst að hún er besta skíðakona landsins í dag. Sigríður, sem leikið hefur knattspyrnu á sumrin, mun spila með Breiðabliki í sumar en eins og kunnugt er lék hún með Stjörnunni á síðasta ári. Sjá nánar frétt og myndir á bls. 6.

Skíðamót Íslands

Fyrsti Íslandsmeistaratitill Önfirðinga

Sigrún S. Halldórsdóttir frá Önundarfirði varð Íslandsmeistari í 7,5 km göngu kvenna með frjálsri aðferð á Skíðamóti Íslands á mánudag.

Með sigrinum náði Sigrún þeim árangri að vera fyrsti Önfirðingurinn sem sigrar á landsmóti. Aðrir Önfirðingar á mótinu stóðu sig með prýði. Ljóst að það mikla starf sem unnið hefur verið í Önundarfirði er farið að skila árangri og víst er að Önfirðingar munu mikið láta að sér kveða í göngu í framtíðinni.

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson

Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Nýir eigendur verslana Vöruvals

Eins og greint var frá í síðasta blaði, urðu eigendaskipti á verslunum Vöruvals á Ísafirði 1. apríl síðastliðinn. Við rekstrinum tók Miðbrún ehf., sem er að stærstum hluta í eigu þeirra bræðra Vilbergs Prebenssonar og Péturs H.R. Sigurðssonar. Hinir nýju eigendur reka verslanirnar undir nafninu Eló, og verður óbreytt fyrirkomulag fyrst um sinn. Meðfylgjandi mynd var tekin af þeim bræðrum Vilbergi og Pétri við opnun Eló í síðustu viku.

Leiðari

Lengi býr að fyrstu gerð

Bókarýnir Dagsljóss ríkissjónvarpsins hampaði Passíusálmunum meðal úrvals bóka til fermingargjafa, vandaðri útgáfu, listilega myndskreyttri af Barböru Árnason, eigulegri bók sem á að vera til á hverju íslensku heimili. Á eftir vaknaði spurning fréttamanns hvort Passíusálmarnir höfðuðu nokkuð til ungs fólks, væru einfaldlega orðnir úreltir líkt og svo mörg gildi fyrri tíma.

Út af fyrir sig er skiljanlegt að slík spurning vakni á stressöld þegar að þrír menn sjást vart á ferli án þess að tveir þeirra séu „í símanum". Gemsinn klifrar upp gjafaóskalista fermingarbarna þar sem tvö hundruð þúsund króna tölvur trjóna á toppnum. Hvaða ungmenni lítur í bók þegar „Netið" er veröldin utan svefns, hvað þá í Passíusálma séra Hallgríms?

Mitt í góðærinu margrómaða virðist eitt og annað fara úrskeiðis. Hjúkrunarfræðingar marsera taktfast frá sjúkrahúsum. Vandséð er hvernig heilbrigðisyfirvöld ætla að reka sjúkrastofnanir án þeirra. Betrunarhúsmál eru sögð í molum. Lítt harðnaðir unglingar, sem hrasað hafa á hinum breiða vegi, afplána refsidóma samfélagsins í sambýli við harðsvíraða bófa. Vafasöm gjörð fyrir þjóðfélagið til lengri tíma litið. Vímuefni flæða innan fangelsismúra. Þingmenn skeggræða ástandið, aðstandendur fanga kvarta sáran, almenningur hneykslast. Málið í nefnd.

Vímuefnaneysla unglinga vex. Málpípur gróðahyggju æpa á frelsi handa dópsölum til sölu á hassi. Viðvaranir lækna og annarra sérfræðinga þjóta sem vindur um eyru. Gott atlæti og aðbúnaður unglinga almennt, menntun og íþróttir við flestra hæfi megnar ekki að bægja hættunni frá. Rótleysið vex. Sjálfsvígum fjölgar. Enginn er óhultur. Sölumenn dauðans á hverju götuhorni eru teknir vettlingatökum. Mál þeirra velkjast í kerfinu mánuðum saman. Á meðan halda þeir iðju sinni áfram. Þessum glæpamönnum á að pakka saman bak við lás og slá.

Bendir eitthvað í þá átt að Ísland verði vímuefnalaust við upphaf nýrrar aldar? Veruleiki er eitt, fögur fyrirheit á snotrum pappírum annað. Hér hafa margar hendur þarft verk að vinna. Og ekki eftir neinu að bíða.

Reynslan sýnir að þegar á bjátar og fólk kemst í hann krappann, grípur það til bænarinnar sem það lærði í bernsku.

Atburðunum sem gerðu páskana að helstu trúarhátíð kristinna manna er hvergi betur lýst en í Passíusálmunum. Þess vegna hafa þeir lifað með þjóðinni og munu lifa. Kannski var ekki svo galið þegar allt kom til alls hjá bókagagnrýni sjónvarpsins að hampa þessu snilldarverki. Hvað ungur nemur, gamall temur. Og lengi býr að fyrstu gerð.

Bæjarins besta óskar lesendum sínum og landsmönnum öllum gleðilegrar páskahátíðar.

s.h.

Aprílgabb um Internetventilinn, íslenska uppfinningu

Margar fyrirspurnir um hina nýju alíslensku uppfinningu

Í síðasta tölublaði, sem kom út 1. apríl, greindi blaðið frá nýrri íslenskri uppfinningu, Internetventlinum, sem framsýnir starfsmenn netþjónustunnar Snerpu ehf., á Ísafirði höfðu þróað um nokkurra mánaða skeið. Sagt var í fréttinni að þeir Snerpu-menn væru að kanna möguleika á að nota vatn sem flutningsleið fyrir Internetið og var bæjarbúum gefinn kostur á að prófa umrædda ventla. Hér var að sjálfsögðu um aprílgabb að ræða og svo virðist sem það hafi virkað, því fjölmargir áhugasamir Internetnotendur mættu í verslun Snerpu um kvöldið til að sækja sér ventil.

„Það komu fjölmargir að versluninni um kvöldið en allir snéru þeir frá enda var verslunin lokuð og þar sem BB er á netinu, barst okkur fjöldi fyrirspurna í gegnum það þar sem óskað var eftir ítarlegri upplýsingum um Internetventilinn. Það er því ljóst að aprílgabbið virkaði vel," sagði Jón Arnar Gestsson í samtali við blaðið.

Góð afkoma hjá Kaupfélagi Suðurnesja

30 milljóna króna hagnaður

Síðasta rekstrarár var með þeim betri hjá Kaupfélagi Suðurnesja. Söluaukning var 7,3% og hagnaðurinn nam 30,3 milljónum króna.

Þetta kom fram á ársfundi kaupfélagsins sem haldin var fyrir stuttu, en á honum lagði stjórn félagsins til að greitt yrði í stofnsjóð félagsmanna af hagnaði ársins, samtals um 5,6 milljónir króna.

Heildarvelta Kaupfélags Suðurnesja og kjötvinnslu þess nam rúmlega 2,4 milljörðum króna á síðasta ári og afskriftir námu um 29,5 milljónum króna.

Í samtali við Víkurfréttir í Keflavík segir Guðjón Stefánsson, kaupfélagsstjóri, að mikil breyting hafi átt sér stað á rekstri kaupfélagsins á síðustu árum.

„Við höfum einbeitt okkur að matvöru eingöngu fyrir utan kjötvinnsluna og hefur það leitt af sér mikla hagræðingu í rekstrinum. Við höfum jafnframt náð betri tökum á innkaupum í auknu magni og höfum sl. tvö ár átt í innkaupasamstarfi við innkaupafyrirtækið Búr sem er í eiga kaupfélaganna og Nóatúns."

Kaupfélag Suðurnesja rekur í dag átta matvöruverslanir, þrjár Samkaups-verslanir í Hafnarfirði, Njarðvík og á Ísafirði, þrjár Sparkaups-verslanir í Keflavík, Sandgerði og Garði, lágvöruverslunina Kasko í Keflavík og síðan litla þjónustuverslun í Keflavík. Þá rekur félagið kjötvinnsluna Kjötsel í Njarðvík. Ekki eru fyrirhugað verulegar breytingar á rektrinum á árinu.

Ísafjarðarbær

Breytingar á skíðaviku

Blaðinu hafa borist eftirtaldar breytingar á dagskrá skíðaviku sem hófst á sunnudag. Ákveðið hefur verið að fella firmakeppni niður og bætt hefur verið við flokki 50 ára og eldri í Garpamótinu. SS Sól mun halda tónleika á Seljalandsdal á föstudaginn langa og skíðaball verður í Krúsinni eftir miðnætti á páskadag. Hljómsveitin Upplyfting skemmtir.

Ísafjarðarbær

Fermingar á páskum

Fimm börn verða fermd í Ísafjarðarkirkju á annan dag páska, mánudaginn 13. apríl kl. 11:00. Þau eru Aðalbjörg Sigurjónsdóttir, Seljalandsvegi 77, Guðný Ósk Þórsdóttir Seljalandi 15, Hákon Oddur Guðbjartsson, Urðarvegi 33, Helga Sverrisdóttir Smiðjugötu 2 og Lára Dögg Gústafsdóttir Hafnarstræti 2. Prestur er sr. Magnús Erlingsson.

Ísafjarðarbær

Ferðin til Panama

Sex sýningar verða á barnaleikritinu „Ferðin til Panama" sem ákveðið hefur verið að sýna í Edinborgarhúsinu á Ísafirði um páskana. Sýnt verður 9. apríl kl. 14 og 15, 10. apríl kl. 16 og 17 og 11. apríl kl. 14 og 15. Sala á miðum hefst kl. 12 alla sýningardaga. Hægt er að panta miða í síma 456 5444 á þeim dögum sem sýningar standa yfir.

Stefán Hilmarsson söng af sinni alkunnu snilld á tónleikunum í íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudag.

Og Sigurjón Kjartansson, einn Fóstbræðranna á Stöð 2, skemmti við góðar undirtektir viðstaddra.

Vímuvarnartónleikar í íþróttahúsinu á Torfnesi

Upp með íþróttir - niður með vímuefni

Stórtónleikar á vegum Boltafélags Ísafjarðar sem haldnir voru í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði á sunnudag voru vel sóttir af ungum jafnt sem eldri.

Líkt og á síðasta ári, var yfirskrift tónleikanna ,,Upp með íþróttir - niður með vímuefni" og var auðséð á þeim sem mættu til tónleikahaldsins, að mál sem þetta snertir alla þegna þessa heims.

Á tónleikunum skemmti Stefán Hilmarsson söngvari ásamt hljómsveit Jóns Ólafssonar, Emiliana Torrini sýndi allar sínar bestu hliðar og Sigurjón Kjartansson, einn Fóstbræðra á Stöð 2 skemmti af sinni alkunnu snilld.

Ljósmyndari blaðsins mætti á tónleikana og tók þar meðfylgjandi myndir.

Fjölmargir margir mættu á tónleikana og skemmtu sér vel.

Ætttarmót Vatnsfjarðarættarinnar haldið í sumar

Hátt á þriðja hundrað manns sóttu síðasta afkomendamót

Afkomendur Arndísar Pétursdóttur Eggerz (1858-1937) og Páls Ólafssonar (1850-1928) prófasts í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp árin 1900-1928 hafa afráðið að efna til afkomendamóts þeirra hjóna helgina 11. og 12. júlí í sumar á Bíldudal.

Auk hefðbundinna ættarmótsstarfa verður farið frá Bíldudal inn í Ketildali undir leiðsögn kunnugra. Meðal annars verður komið við í Selárdal þar sem skoðaður verður vísir að safni Samúels Jónssonar ábúanda og náttúrulistamanns þar.

Til undirbúnings ættarmótinu þurfa þátttakendur að skrá sig á mótið á þar til gerð eyðublöð. Eyðublöðunum verður dreift eftir föngum meðal ættingjanna og til að nálgast þau er einnig hægt að hafa samband við einhvern eftirtalinna.

Ásgrím í síma 567 6307, Björg í síma 456 7460, Fríðu í síma 564 2810, Guðmund Theodórs í síma 557 4113, Guðrúnu Broddadóttur í síma 562 6562, Mörthu í síma 553 8520 og Ólaf Örn í síma 456 1505.

Síðasta ættarmót Vatnsfjarðarættarinnar var haldið sumarið 1993 í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og þótti takast með ágætum.

Páll Pálsson ÍS-102.

Vestfjarðamið

Mikil þorskveiði

Mikil og góð þorskveiði hefur verið á Vestfjarðamiðum undanfarna daga líkt og á öðrum veiðisvæðum umhverfis landið. Samkvæmt upplýsingum blaðsins hafa fjölmargir bátar komið að landi með fullfermi eftir stuttar veiðiferðir.

Guðmundur Péturs landaði 37 tonnum af rækju á Ísafirði á fimmtudag í síðustu viku og á laugardag landaði Páll Pálsson ÍS-102, 90 tonnum af blönduðum afla eftir fjögurra sólarhringa veiðiferð. Á sunnudag landaði síðan Gunnbjörn 37 tonnum af blönduðum afla og Stefnir 85 tonnum af blönduðum afla.

Framnes ÍS kom að landi á þriðjudag með 70 tonn af rækju eftir viku á veiðum.

Ísafjarðarbær

Sérfræðingur á ferð

Sérfræðingur í húðsjúkdómum verður starfandi á Heilsugæslustöðinni á Ísafirði dagana 28.-30. apríl nk.

Þeim sem þurfa á þjónustu hans að halda er bent á að panta tíma í síma 450 4511 frá kl. 8-16 virka daga.

ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG AF TORFNESI

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 73/1997 er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi af Torfnesi á Ísafirði.

Skipulagið afmarkast af lóð Framhaldsskólans, Seljalandsvegi, Miðtúnsbrekku og Skutulsfjarðarbraut.

Skipulagstillagan er til sýnis í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði frá og með 8. apríl nk., til 6. maí nk.

Athugasemdum skal skila skriflega til tæknideildar Ísafjarðarbæjar fyrir 20. maí nk. Þeir sem ekki gera athugasemd teljast samþykkir deiliskipulagstillögunni.

Bæjarverkfræðingur.

Fjórtán íslensk fyrirtæki sýndu á Boston Seafood

Framleiðsla 3X-Stál vakti mikla athygli

Hópur íslenskra sýnenda samankominn í þjóðarbás Íslendinga á sjávarútvegssýningunni í Boston.

Hátt í 200 Íslendingar sóttu alþjóðlega sjávarútvegssýningu sem haldin var í Boston í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Fjórtán íslensk fyrirtæki tóku þátt í sýningunni. Útflutningsráð Íslands hafði veg og vanda af sérstökum þjóðarbás Íslendinga á sýningunni, en innan hans voru fyrirtækin Brunnar, Eimskip, ITB, Marel, Sæplast, Umbúðamiðstöðin, Norfisk, NAS, Fjárfestingaskrifstofa Íslands, Útflutningsráð og 3X-Stál frá Ísafirði. Þá voru Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Íslenskar sjávarafurðir og Borgarplast með sérbása á sýningunni.

Framleiðsla íslensku fyrirtækjanna vakti mikla athygli og voru sýnendur mjög ánægðir með viðtökurnar. Krapaísvél frá Brunnum í Hafnarfirði þótti einkar áhugaverð svo og framleiðsla Marels og 3X-Stáls, en síðastanefnda fyrirtækið var að taka þátt í sinni fyrstu vörusýningu á erlendri grundu. Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X-Stáls, sem var á sýningunni ásamt einum af meðeigendum sínum, Alberti Högnasyni, sagðist í samtali við blaðið vera mjög ánægður með viðtökurnar og að ljóst væri að fyrirtækið myndi sýna á nýjan leik í Boston að ári.

,,Við fengum mjög góð viðbrögð við framleiðslu okkar. Við sýndum spíraldælu til að dæla rækju og fiski í heilu lagi og skammtavog fyrir rækju. Það voru engir sölusamningar undirritaðir á staðnum en við fengum fjölda fyrirspurna og erum þessa dagana að svara þeim. Aftur á móti afhentum við fullan gám af búnaði til Nýfundnalands og er maður frá okkur þar um þessar mundir við að setja hann upp. Það eru ekki ráðgerðar fleiri sýningar hjá okkur á þessu ári, en við verðum með í alþjóðlegu sjávarútvegssýningunni sem haldin verður í Smáranum í Kópavogi á næsta ári sem og í Boston að ári. Þar verðum við tvíefldir enda hitti sýningin í síðasta mánuði í mark að okkar mati," sagði Jóhann í samtali við blaðið.

Rækja var mjög vinsæl á sýningunni í Boston enda trónir hún á toppnum í Bandaríkjunum hvað vinsældir varðar enda hafa neyslukannanir leitt í ljós að Bandaríkjamenn setja ekki endilega jafnaðarmerki milli rækju og sjávarafurða. Orðatiltækið ,,I hate seafood, but I love shrimp" eða ,,Ég hata fisk, en ég elska rækjur" segir meira en mörg orð. Auk rækjunnar voru lax og skelfiskur einnig áberandi í sýningarbásunum.

Jóhann Jónasson og Albert Högnason, tveir af eigendum 3X-Stáls við sýningarbás fyrirtækis síns.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
456 3940 & 456 3244 • 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Árholt 12 - Úlfsá: 183,5m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Tilboð óskast.**
Bakkavegur 39: 201m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. **Verð: 13,500.000,-**
Brautarholt 9: 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð: 11.000.000,-**
Góuholt 1: 142m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð: 11,600.000,-**
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð: 12,000,000,-**
Hafraholt 10: 144 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð: 9,300,000,-**
Hafraholt 44: 154,4m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð: 13,500.000,-**
Hreggnasi 2 - Hnífsdal: 127 m² gamalt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt viðbyggingu. **Mjög gott verð: 1,950.000,-**
Holtagata 26 - Súðavík: 86,9 m² parhús á einni hæð byggt 1996. **Verð: 5,500,000,-**
Kjarrholt 2: 173,6m² einbýlishús á einni hæð ásamt góðum tvöföldum bílskúr. **Verð: 13,200,000,-**
Lyngholt 8: 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Skipti möguleg. **Verð: 10.800.000,-**
Silfurgata 9: 150m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt geymslu, kjallara og skúr. Laust fljótlega **Verð: 7,200,000,-**
Skólavegur 1: 62,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og þurrkhjalli. **Verð: 3,700,000,-**
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr. Skipti möguleg á eign á Eyrinni. **Verð: 9,900,000,-**
Tangagata 15b: 103 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt uppgerður geymsluskúr. Laust fljótlega **Verð: 6,200,000,-**
Urðarvegur 13: 85 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Skipti á stærri eign möguleg **Verð: 5,500,000,-**
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimurhæðum ásamt innbyggðum bílskúr. **Verð: 11,800,000,-**
Urðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. **Tilboð óskast**
Urðarvegur 58: 209 m² steinsteypt raðhús, byggt 1980. Innbyggður bílskúr. Fallegt útsýni. Hagstæð lán og góð kjör. **Verð aðeins: 10,500,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 31: 92 m² 4ra herb. íbúð á n.h. í tvíb.húsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. **Verð: 5,500,000,-**
Eyrargata 3: 100m² 4ra herb. íbúð á 2. hæð í þríb.húsi ásamt helm. bílskúrs. Skipti möguleg. **Verð: 7,800.000,-**
Fjarðarstræti 11: 131 m² 4ra herbergja íbúð á e.h. í tvíb.húsi **Verð: 6,800,000,-**
Fjarðarstræti 38: 130 m² 4 herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Verð: 7,000,000,-**

Móholt 9:
152,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Laust strax. Skipti á minni eign möguleg.
Verð:11,900,000,-

Hjallavegur 12: 113,9m² 4-5 herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð: 5.500.000,-**
Hnífsdalsvegur 27: 182m² glæsileg íbúð með parketi og harðviðarinnréttingum. **Tilboð óskast.**
Pólgata 5a: 121 m² 4ra herb. íbúð á n.h. í þríb.húsi ásamt 1/2 kjallara. Nýlega uppgerð. Bílskúr. **Verð: 5,900,000,-**
Pólgata 5a: 127,7 m² 5 herb. íbúð á e.h. í þríb.húsi ásamt 1/2 kjallara. **Verð: 6,000,000,-**
Seljalandsvegur 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á e.h. í tvíb.húsi, ásamt bílskúr. Íbúðin er mikið uppgerð. **Verð: 10,700,000.-**
Stórholt 9: 164,3m², 6 herb. íbúð á tveimur hæðum ásamt sér geymslu **Verð: 8,000,000,-**
Túngata 12: 99 m² 4ra herb. íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð: 7,900,000,-**
Túngata 18: 89,2m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Möguleg skipti á minni eign. **Verð: 6,900,000,-**

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð: 7,200.000,-**
Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, íbúðin að hluta undir risi **Verð: 2,900,000,-**
Túngata 21: 84,9m² íbúð á 1. hæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð: 6,500,000,-**
Urðarvegur 80: 82m² íbúð á jarðh. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. **Verð: 6,000,000,-**
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu **Verð: 5,300,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Túngata 18: 53,4m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð: 5,500,000,-**
Túngata 12: 62m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi, uppgerð að mestu. Skipti á stærri eign möguleg. **Verð: 3,900.000,-**
Urðarvegur78: 73,2m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu **Verð: 5,400,000,-**

Atvinnuhúsnæði

Austurvegur 1: 103,4 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. Fallegt útsýni. Laust fljótlega. **Verð: 5,500.000,-**

Fyrirtæki

Vídóleigan Vídeóhöllin: Fyrirtæki í fullum rekstri ásamt 3ja ára leigusamningi. **Verð kr. 4,000,000,-**

Orra ÍS breytt í Vigo á Spáni

Fullkomið rækjuvinnsluskip væntanlegt í maí



Orri ÍS í tvennu lagi í spænsku skipasmíðastöðinni Rodman Polyship í Vigo á Spáni.

Breytingar á Orra ÍS, sem unnið hefur verið að í Vigo á Spáni frá því í desember á síðasta ári, ganga vel og er skipið væntanlegt í næsta mánuði.

Greint er frá breytingunum í nýjasta fréttabréfi Básafells hf., útgerðarfyrirtæki skipsins, en þar segir að verið sé að breyta Orra í fullkomið rækjuvinnsluskip með þremur spilum sem geta dregið tvö troll. Ný ljósavél verður sett í skipið og það lengt um tólf metra. Samkvæmt samningi á verkinu að ljúka 30. apríl en þá taka við ýmiskonar prófanir á búnaðinum sem settur verður í skipið.

Siglingin heim tekur um eina viku. Áætlað var að sami fjöldi yrði í áhöfn Orra og verið hefur, eða 16 manns, en nú hefur verið ákveðið að fjölga í áhöfn um fjórar stöður.

Í fréttabréfi Básafells er einnig greint frá þeim breytingum sem gerðar voru á Bjarma BA, áður Jóhannesi Ívari ÍS, en hann er nú tilbúinn til veiða. Bjarmi BA var lengdur um tæpa átta metra, skipt var um stál í skrokki og hluta þilfars, stýrishúsi var skipt út og allur aðbúnaður skipverja bættur til muna. Breytingamar á Bjarma kostuðu um 115 milljónir króna. Bjarmi BA mun sjá bolfiskvinnslu Básafells á Flateyri fyrir hráefni en veiðiheimildir hans eru um 635 þorskígildi.

Þá segir í fréttabréfinu að í framhaldi af miklum endurbótum á skipastóli Básafells, hafi verið ákveðið að bæta við þriðja togspilinu í Skutli ÍS og mun skipið geta dregið tvö troll eftir breytingarnar. Fyrirhugað er að breytingarnar eigi sér stað í lok þessa mánaðar og mun skipið aðeins verða viku frá veiðum þar sem búið er að forvinna verkið að miklu leyti.

Holt í Önundarfirði

Hátíðarmessa á páskadag

Holtskirkja í Önundarfirði.

Á páskadag, 12. apríl, verður sungin hátíðarmessa í Holtskirkju í Önundarfirði og hefst hún kl. 14. Sóknarpresturinn, sr. Gunnar Björnsson, predikar og þjónar fyrir altari og organisti er Brynjólfur Árnason frá Vöðlum.

Í fréttatilkynningu frá sóknarprestinum í Holti segir að talið sé að kirkja hafi verið reist í Holti fljótlega eftir að kristni var lögtekin á Íslandi og að þekktastur Holtspresta frá fyrri tíð muni hafa verið sr. Sveinn Símonarson, faðir Brynjólfs biskups Sveinssonar, er sat staðinn í 53 ár, frá 1582-1635. Meistari Brynjólfur og sonur hans, sem var biskup í Skálholti til 1674, var mikill lærdómsmaður og safnari fornra handrita, og gaf Friðriki III Danakonungi, Flateyjarbók, sem Danir skiluðu aftur árið 1971. Lionsklúbbur Önundarfjarðar reisti Brynjólfi biskupi minnisvarða í Holti á 300. ártíð hans.

„Af gripum Holtskirkju nú má nefna silfur-kaleik mikinn og patínu, sem Hans Ellefsen, hvalfangarinn norski gaf kirkjunni, áður en hann fluttist austur á firði árið 1901. Kirkja og grafreitur hafa hlotið endurbætur á undanförnum árum. Sumarið 1994 var garðurinn sléttaður og legsteinar hreinsaðir. Síðsumars 1996 var kirkjan máluð að utan og að hluta að innan. Fyrirhugað er að reisa nýja vöm um garðinn og stækka hann um leið.

Af gjöfum sem kirkjunni hafa borist á undanförnum árum má nefna altarisklæði, sem kvenfélag Mosvallahrepps keypti fyrir fé sem sr. Jón Ólafsson, prófastur í Holti, (látinn 29. maí 1995 og leiddur í Holti) gaf til minningar um konu sína, frú Elísabeti Einarsdóttur, sem andaðist 9. mars 1985 og var jarðsett í Holti. Systkinin frá Fremri-Breiðadal gáfu kirkjunni spennubreyti til að hafa í kirkjugarði um aðventu og jól, til minningar um foreldra sína, Mikkael Ingiberg Kristjánsson og Ingibjörgu Andreu Jónsdóttur. Nýjar gólfflísar í forkirkju gaf Össur Stefánsson frá Kirkjuból í Korpudal, en vinnu við lagningu gaf Böðvar Gíslason frá Flateyri. Prestkonan í Holti, frú Ágústa Ágústsdóttir, hefur unnið og gefið Holtskirkju kaleiksdúk og korporalshús (velum og bursa), kóngablátt með gylltu mynstri. Þá hafa kirkjunni verið gefnar brauðöskjur," segir í fréttatilkynningu frá sóknarprestinum í Holti.

Básafellsmótið í stórsvigi á Seljalandsdal

Góður árangur hjá unga skíðafólkinu

Þrír efstu í flokki 9 ára drengja. F.v. Snævar Víðisson, Sveinbjörn Pétursson og Óskar Albertsson.

Þrjár efstu í flokki 12 ára stúlkna. F.v. Tinna Hrund Hlynsdóttir, Sara Pálmadóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Básafellsmótið í stórsvigi 7-12 ára barna fór fram á Seljalandsdal á laugardag. Fjölmargir þátttakendur voru á mótinu sem þótti takast hið besta.

Úrslit á mótinu urðu sem hér segir: Í flokki 12 ára stúlkna sigraði Sara Pálmadóttir á 1:17.33, önnur varð Tinna Hrund Hlynsdóttir á 1:18.55 og þriðja varð Jóna Valgerður Kristjánsdóttir á 1:91.21. Í flokki 12 ára drengja sigraði Snævar Sölvason á 1:17,04 og annar varð Haukur Halldórsson á 1:24.11. Í flokki 11 ára stúlkna sigraði Birna Pálsdóttir á 1:17.45, önnur varð Sigríður Heiða Kristjánsdóttir á tímanum 1:19.74 og þriðja varð Halldóra Halldórsdóttir á 1:27.64.

Í flokki 11 ára drengja sigraði Einar Ási Guðmundsson á 1:20.89 og annar varð Andri Víðisson á 1:28.73.

Í flokki 9 ára stúlkna sigraði Helga Guðrún Magnúsdóttir á tímanum 1:26.01, önnur varð Sandra Kristinsdóttir á 1:33.62 og þriðja varð Dagný Sveinsdóttir á 1:34.94. Í flokki 9 ára drengja sigraði Sveinbjörn Pétursson á 1:20.58, annar varð Snævar Víðisson á 1:26.92 og þriðji varð Óskar Albertsson á 1:44.24. Í flokki 8 ára stúlkna sigraði Ólöf Benediktsdóttir á 1:23.84, önnur varð Þóra Marý Arnórsdóttir á 1:28.11 og þriðja varð Anna María Guðjónsdóttir á 1:28.19. Í flokki 8 ára drengja sigraði Arnar Friðrik Albertsson á 1:38.56 og annar varð Einar Hlynsson á 1:38.77.

Í flokki 6-7 ára stúlkna sigraði Elísabet Bjarnadóttir á 1:35.12, önnur varð Viktoría Guðmundsdóttir á 1:37.71 og þriðja varð Ólafía Kristjánsdóttir á 1:42.45. Í flokki 7 ára drengja sigraði Ásgeir Gíslason á 1:39.10, annar varð Hreiðar Halldórsson á 1:54.72 og þriðji varð Konráð Þorsteinsson á 3:42.13.

Skíðamóti Íslands í Hlíðarfjalli við Akureyri lauk á mánudag

Sigríður Þorláksdóttir vann til þrennra gullverðlauna

Sigríður B. Þorláksdóttir, skíðakonan snjalla frá Ísafirði, vann til þrennra gullverðlauna á Skíðamóti Íslands sem lauk í Hlíðarfjalli við Akureyri á mánudag. Sigríður sigraði í svigi og stórsvigi og þar með í alpatvíkeppni. Arnór Þ. Gunnarsson frá Ísafirði varð annar í svigi og þriðji í stórsvigi karla og Kristján Rafn Guðmundsson frá Ísafirði varð annar í 10 km göngu karla 45 ára og eldri með hefðbundinni aðferð.

Keppni á Skíðamótinu hófst á föstudag með risasvigi karla 15 ára og eldri. Þar sigraði Björgvin Björgvinsson Dalvík á tímanum 59:38, annar varð Kristinn Björnsson Ólafsfirði á 59:55 og þriðji varð Haukur Arnórsson Ármanni á 59:60. Ísfirðingurinn Hákon Hermannsson varð í 20. sæti á 1:06.27 og Stefán Þór Ólafsson Ísafirði varð í 22. sæti á 1:07.15. Í risasvigi kvenna sigraði Brynja Þorsteinsdóttir Akureyri á tímanum 1:02.57, önnur varð Dagný Linda KristjánsdóttirAkureyri á 1:03.34 og þriðja varð Ásta K. Gunnlaugsdóttir Akureyri á 1:04.24. María Ögn Guðmundsdóttir Ísafirði varð í 11. sæti á tímanum 1:08.28 og var hún eini Ísfirðingurinn sem lauk keppni í risasvigi kvenna.

Í 15 km göngu karla 17-34 ára voru Ólafsfirðingar í þremur efstu sætum. Fyrstur í mark kom Kristján Hauksson á tímanum 47:21, annar varð Daníel Jakobsson á 47:56 og þriðji varð Ólafur Björnsson á 48:03. í 10 km göngu karla 35-44 ára sigraði Jón Konráðsson Ólafsfirði á tímanum 35:17, annar varð Þórhallur Ásmundsson Fljótum á 35:18 og þriðji varð Jóhannes Kárason Akureyri á 37:44. Í 10 km göngu karla 45 ára og eldri sigraði Magnús Eiríksson Siglufirði á 33:02, annar varð Kristján Rafn Guðmundsson Ísafirði á 34:45 og þriðji varð Björn Þór Ólafsson Ólafsfirði á 39:25. Í 5 km göngu kvenna 17 ára og eldri sigraði Hanna Dögg Maronsdóttir Ólafsfirði á 18:41, önnur varð Svava Jónsdóttir Ólafsfirði á 18:42 og þriðja varð Sigrún S.

Arnór Þ. Gunnarsson.

Halldórsdóttir Önundarfirði á tímanum 19:40. Sandra Steinþórsdóttir Önundarfirði varð fjórða á 20:35 og Jóhanna Halldórsdóttir Önundarfirði varð fimmta á 20:39. Í 10 km göngu 17-19 ára pilta urðu Akureyringar í þremur efstu sætum. Baldur Helgi Ingvarsson sigraði á 31:01, annar varð Þóroddur Ingvarsson á 31:12 og þriðji varð Helgi

Kristján R. Guðmundsson.

Heiðar Jóhannesson á 31:51. Ólafur Th. Árnason Ísafirði varð í 5. sæti á 34:26 og Þorsteinn Hymer Ísafirði varð í 8. sæti á tímanum 35:26.

Á laugardag hófst keppni með stórsvigi karla 15 ára og eldri. Þar sigraði Haukur Arnórsson Ármanni á samanlögðum tíma 1:48.93, annar varð Kristinn Björnsson Ólafsfirði á 1:50.22 og þriðji varð Arnór Þ. Gunnarsson Ísafirði á 1:51.58. Hákon Hermannsson Ísafirði varð í 13. sæti á 2:02.67 og Bjarki Egilsson Ísafirði varð í 14. sæti á 2:03.50. Sigríður B. Þorláksdóttir sigraði í stórsvigi kvenna á tímanum 1:55.92, önnur varð Brynja Þorsteinsdóttir Akureyri á 1:56.94, og þriðja varð Theódóra Mathiesen KR á 1:59.14. Hjördís Eva Ólafsdóttir Ísafirði varð í 18. sæti á tímanum 2:14.00 en hún og Sigríður voru einu ísfirsku keppendurnir sem luku keppni í stórsvigi.

Í boðgöngu karla sigraði A-sveit Akureyrar á tímanum 84:02, önnur varð A-sveit Ólafsfjarðar á 84:12, þriðja varð B-sveit Akureyrar á 89:31 og fjórða varð sveit Ísafjarðar á 89:43. Hana skipuðu þeir Gísli Einar Árnason, Kristján R. Guðmundsson og Ólafur Th. Árnason. Í boðgöngu kvenna sigraði sveit Ólafsfjarðar á tímanum 34:38 og í öðru sæti varð sveit Önundarfjarðar á tímanum 36:34. Sveit Önundarfjarðar skipuðu þær Sandra

Sigríður B. Þorláksdóttir.

Dís Steinþórsdóttir, Jóhanna Ósk Halldórsdóttir og Sigrún S. Halldórsdóttir.

Í svigi kvenna sem haldið var á sunnudag sigraði Sigríður Þorláksdóttir Ísafirði á tímanum 1:19.71, önnur varð Brynja Þorsteinsdóttir Akureyri á 1:20.49 og þriðja varð Theódóra Mathiesen KR á 1:21.44. María Ögn Guðmundsdóttir Ísafirði varð í 11. sæti á 1:30.00 og Hjördís Eva Ólafsdóttir Ísafirði varð í 21. sæti á tímanum 1:34.77. Í svigi karla sigraði Kristinn Björnsson Ólafsfirði á tímanum 1:19.62,annar varð Arnór Þ. Gunnarsson Ísafirði á 1:20.53 og þriðji varð Jóhann F. Haraldsson á 1:24:00. Eiríkur Gíslason Ísafirði varð í 11. sæti á 1:35.57. Aðrir Ísfirðingar luku ekki keppni.

Frá uppfærslu Leikfélags Flateyrar á Þrek og tár.

Guðmundur Steinar Björgmundsson skrifar

Til hamingju Leikfélag Flateyrar

Það þótti tíðindum sæta þegar frumsýnd voru þrjú leikverk í Ísafjarðarbæ í sömu vikunni fyrir skömmu. Eitt af þeim var sýning Leikfélags Flateyrar á Þrek og tár eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Að töfra fram leikverk af þeim gæðum sem leikfélagið gerir að þessu sinni er þrekvirki í litlu samfélagi og lýsir bæði metnaði þeirra sem að sýningunni standa og ekki síður hinu að eins og svo oft áður tekst leikfélaginu að finna fólk sem í hinu daglega amstri vinnur hin ýmsu störf samfélagsins, en eftir að vinnudegi lýkur er það reiðubúið að leggja mikið á sig og takast á við listsköpun af þessu tagi og gerir það með stæl.

Það er virkilega góð tilfinning að setjast inn í samkomuhúsið á Flateyri þar sem leiklistarhefðin á sér djúpar rætur og njóta þessarar sýningar. Verkið er hvort tveggja í senn, margslungið og bráðskemmtilegt, leikendur standa sig allir með prýði, í verkinu er mikill söngur og hljóðfæraleikur og ljóst er eftir þessa sýningu að Önfirðingar eru ekki á flæðiskeri staddir með söngfólk.

Því er full ástæða til að hvetja alla til að sjá sýningar leikfélagsins núna um páskana en sýningar verða fimmtudaginn 9. apríl kl. 20:30, laugardaginn 11. apríl kl. 20:30 og mánudaginn 13. apríl kl. 20:30.

Guðmundur St. Björgmundsson.

Ísafjarðarprestakall · Ísafjarðarprófastsdæmi

Messur í Ísafjarðarprestakalli yfir páska

Skírdagur 9. apríl
Kl. 12:30 Andakt í Tungudal
Kl. 16:00 Messa á FSÍ
Kl. 20:30 Kvöldmessa í Hnífsdalskapellu.

Föstudagurinn langi 10. apríl
Kl. 20:30 Kvöldmessa í Ísafjarðarkirkju.

Laugardagur 11. apríl
Kl. 20:30 Poppmessa í Ísafjarðarkirkju.

Páskadagur 12. apríl
Kl. 09:00 Páskamessa í Ísafjarðarkirkju.
Kl. 14:00 Páskamessa í Súðavíkurkirkju.

Annar í páskum 13. apríl
Kl. 14:00 Fermingarmessa í Ísafjarðarkirkju.

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður skrifar

Röng ákæra og ærumissir?

Misskilningur leiðréttur!

Að gefnu tilefni skal misskilningur leiðréttur varðandi skrif um meðferð ákæru á hendur Magnúsi Haukssyni. Málið var höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra, dagsetti 9. október 1997 fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt (1. málsgrein, samanber 6. málsgrein 40. greinar) og 262. gr. almennra hegningarlaga. Héraðsdómur Vestfjarða kvað upp gjaldþrotaúrskurð yfir Magnúsi Haukssyni, sem var úrskurðaður gjaldþrota hinn 21. febrúar 1996. Við gjaldþrotaskipti skipar héraðsdómari skiptastjóra, sem stýrir þrotabúi skuldara, samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti (72. og 75. greinar laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.).

Málið var rannsakað af skattrannsóknarstjóra ríkisins og rannsóknarlögreglu ríkisins, sem lögð var niður 1. júlí 1997. Ríkislögreglustjórinn gaf út ákæru sem fyrr segir. Saksóknari efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans flutti málið fyrir héraðsdómi. Málið var flutt af hálfu ríkissaksóknara fyrir Hæstarétti.

Þegar Magnús Hauksson kom fyrir Héraðsdóm Vestfjarða játaði hann afdráttarlaust: „Með afdráttarlausri játningu ákærða fyrir dómi, sem er í samræmi við framburð hans hjá lögreglu og önnur gögn málsins, er framangreind háttsemi sönnuð" segir í dómi héraðsdóms.

Magnús var dæmdur til greiðslu sektar í samræmi við tilvitnuð lagaákvæði í ákæru, ekki til að greiða vangoldinn virðisaukaskatt.

Ólafur Helgi Kjartansson.

Sýslumaðurinn á Ísafirði ákærði ekki Magnús Hauksson, flutti ekki málið eða var aðili þess á nokkurn hátt. Rannsókn fór fram af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins, sem fyrr er sagt. Ákæra var gefinn út af saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans. Áður hefur verið gerð grein fyrir sakflytjendum.

Orðalag Hæstaréttar...„sem ákæruvaldið hefur ekki getað gefið skýringar á" vísar ekki til sýslumannsins á Ísafirði. Sýslumaðurinn á Ísafirði var ekki kvaddur til að bera vitni fyrir dómi.

Með dómi Hæstaréttar 10. júní 1997 varð niðurstaðan sú, að sýslumaður sem hefur innheimt kröfu hjá gjaldanda geti ekki jafnframt verið sækjandi ákæruvaldsins í sakamáli vegna innheimtunnar.

Þetta eru þær staðreyndir sem lesendum er nauðsynlegt að hafa í huga.

7. apríl 1998,
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Ólafur Helgi Kjartansson

Ísafjarðarbær

Guðni Geir efstur hjá Framsókn

Framsóknarflokkurinn í Ísafjarðarbæ hefur ákveðið framboðslista sinn fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Listinn er skipaður eftirtöldum einstaklingum:

1. Guðni Geir Jóhannesson, Ísafirði. 2. Guðrún Hólmsteinsdóttir, Ísafirði. 3. Jón Reynir Sigurvinsson, Ísafirði. 4. Ásvaldur Magnússon, Tröð Önundarfirði. 5. Ingibjörg Vignisdóttir, Þingeyri. 6. Erla Eðvarðsdóttir, Suðureyri. 7. Sigurður Hafberg, Flateyri. 8. Ásvaldur Guðmundsson, Núpi. 9. Kristjana Sigurðardóttir, Ísafirði. 10. Þorvaldur Þórðarson, Stað Súgandafirði. 11. Björgmundur Guðmundsson, Valþjófsdal. 12. Hildigunnur Guðmundsdóttir, Auðkúlu Dýrafirði. 13. Fylkir Ágústsson, Ísafirði. 14. María Valsdóttir, Þingeyri. 15. Bergþóra Annasdóttir, Þingeyri. 16. Lárus Hagalínsson, Suðureyri. 17. Magni Guðmundsson, Ísafirði. 18. Kristinn Jón Jónsson, Ísafirði.

Vestfirðir

Fermingar á vordögum

Ísafjarðarkirkja 13. apríl kl. 11:00

Aðalbjörg Sigurjónsdóttir, Seljalandsvegi 77
Guðný Ósk Þórsdóttir, Seljalandi 15
Hákon Oddur Guðbjartsson, Urðarvegi 33
Helga Sverrisdóttir, Smiðjugötu 2
Lára Dögg Gústafsdóttir, Hafnarstræti 2

Ísafjarðarkirkja 3. maí kl. 14:00

Aldís Tryggvadóttir, Árholti 1
Ari Stígsson, Hrannargötu 9
Arna Grétarsdóttir, Hlíðarvegi 19
Einar Bjarni Eyþórsson, Sundstræti 31
Gerða Helga Pétursdóttir, Hafraholti 6
Hjalti Ásgeirsson, Fremri-Breiðadal
Ingvar Alfreðsson, Seljalandsvegi 10
Jón Hermann Sveinsson, Hafraholti 42
Karl Einarsson, Hafraholti 48
Kolbeinn Einarsson, Hlíðarvegi 15
Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir, Seljalandsvegi 28
Kristín Sigurðardóttir, Eyrargötu 8
Magnús Þór Heimisson, Hlíðarvegi 31
Sindri Már Sigmundsson, Dalbraut 1
Sóley Valdimarsdóttir, Engjavegi 21
Sólveig Erlingsdóttir, Fagraholti 3
Sólveig Silfá Sveinsdóttir, Fjarðarstræti 4
Steingrímur Jón Steingrímsson, Túngötu 18
Tinna Sif Jensdóttir, Fjarðarstræti 4

Ísafjarðarkirkja 17. maí kl. 14:00

Linda Mjöll Helgadóttir, Stórholti 19
Skúli Aðalsteinsson, Hlíðarvegi 27
Ævar Valgeirsson, Sunnuholti 4

Ísafjarðarkirkja 31. maí kl. 14:00

Arna Lind Arnórsdóttir, Fagraholti 9
Atli Þór Ólafsson, Seljalandsvegi 102
Erla Dögg Ernisdóttir, Mjógötu 7
Friðþjófur Þorsteinsson, Stórholti 7
Gísli Sveinn Aðalsteinsson, Aðalstræti 17
Gunnlaug Hólm Rúnarsdóttir, Fjarðarstræti 38
Hafdís Pálsdóttir, Tangagötu 14
Hafdís Sunna Hermannsdóttir, Urðarvegi 19
Halldór Ingi Skarphéðinsson, Króki 2
Högni Marsellíus Þórðarson, Hlíðarvegi 40
Hrönn Arnardóttir, Brautarholti 8
Hörður Steinbergsson, Fjarðarstræti 38
Ingibjörg Óladóttir, Fagraholti 6
Jón Gunnarsson, Urðarvegi 58
Kristín Guðný Sigurðardóttir, Kirkjubóli
Lára Bettý Harðardóttir, Árholti 13
Margrét Lára Guðmundsdóttir, Eyrargötu 8
Markús Björnsson, Þórustöðum
Óskar Örn Hálfdánarson, Fjarðarstræti 2
Pétur Gestsson, Fagrahvammi
Pétur Örn Birgisson, Urðarvegi 28
Ragnar Arinbjörn Guðmundsson, Góuholti 2
Salvör Kristjánsdóttir, Brautarholti 6
Sandra Bergmann Þorgeirsdóttir, Eyrargötu 6
Sigurður Pétursson, Fagraholti 5
Svanhildur Garðarsdóttir, Hnífsdalsvegi 13

Hnífsdalskapella 31. maí kl. 10:30

Erling Orri Baldursson, Bakkavegi 39
Halldór Gunnar Pálsson, Hlégerði 3
Helga Sigríður Hjálmarsdóttir, Hrauni 2
Kjartan Davíðsson, Heiðarbraut 14

Þingeyrarkirkja 31. maí kl. 11:00

Heiða Björk Birkisdóttir, Vallargötu 16
Hrafnhildur Ýr Rafnsdóttir, Fjarðargötu 16
Sigurða Kristín Leifsdóttir, Vallargötu 10
Sigurður Rúnar Ragnarsson, Hafnarstræti 1

Þingeyrarkirkja 28. júní kl. 14:00

Ívar Már Svanbergsson, Núpi, Dýrafirði

Hólskirkja, Bolungarvík 31. maí

Aron Örn Þórarinsson, Hólastíg 3
Birgir Olgeirsson, Dísarlandi 10
Davíð Örn Þorkelsson, Skólastíg 26
Jón Hallur Arngrímsson, Traðarlandi 13
Kristján Erlendur Kristjánsson, Traðarlandi 10
Óttar Kristinn Bjarnason, Miðstræti 16
Rúnar Þór Rúnarsson, Vitastíg 8
Rögnvaldur Magnússon, Hafnargötu 110
Samúel Karl Ólason, Hlíðarstræti 21
Símon Elí Guðnason, Holtatbrún 7
Birgitta Elín Helgadóttir, Ljósalandi 3
Ingunn Lára Magnúsdóttir, Heiðarbrún 2
Katrín Pálsdóttir, Traðarlandi 22
Sara Cidalia Torcado Ljósalandi 5
Sigríður Maggý Helgadóttir, Miðstræti 18
Sigurbjörg Hallgrímsdóttir, Höfðastíg 20
Tinna Björg Guðmundsdóttir, Dísarlandi 4

Hólskirkja, Bolungarvík 1. júní

Björn Elías Halldórsson, Völusteinsstræti 9
Svala Björg Guðmundsdóttir, Völusteinsstræti 14

Suðureyrarkirkja 31. maí kl. 14:00

Arna Ósk Arnarsdóttir, Túngötu 14
Rannveig Magnúsdóttir, Túngötu 10

Flateyrarkirkja 31. maí

Fannar Þór Kristjánsson, Goðatúni 4
Hilmar Már Hálfdánsson, Ránargötu 3
Friðfinnur Hjörtur Hinriksson, Eyrarvegi 13
Ingvi Hrafn Hálfdánsson, Ránargötu 3
Jón Axel Jónasson, Vífilsmýrum
Margrét Magnúsdóttir, Hóli
Sara Jakobsdóttir, Eyrarvegi 12

Sr. Valdimar Hreiðarsson skrifar

Glerlistaverk vígð á Suðureyri

Á páskadag verða vígð fjögur glerlistaverk í kórgluggum Suðureyrarkirkju. Gefendur verkanna eru börn hjónanna Kristeyjar Hallbjörnsdóttur og Sturlu Jónssonar hreppsstjóra, þau Eva, Sigrún, Kristín, Jón og Eðvarð. Kristey og Sturla settu mikinn svip á mannlíf og menningu við Súgandafjörð um langt skeið og höfðu forystu um mörg þau mál er til framfara gátu talist.

Eru þessi verk gefin í tilefni 60 ára vígsluafmælis Suðureyrarkirkju, sem var á síðasta ári. Benedikt Gunnarsson listmálari er höfundur verkanna fjögurra, en hann hefur á síðari árum sérhæft sig á sviði kirkjulistar og á þekkt verk í ýmsum kirkjum landsins.

Myndefni verkanna sækir listamaðurinn í texta Biblíunnar. Fyrsti glugginn er helgaður Jesú Kristi og er lofgjörð til hans. Táknmál annars gluggans segir frá eilífðinni og ljósi heilagrar þrenningar. Þriðji glugginn er helgaður sakramentunum tveimur, skírn og heilagri kvöldmáltíð. Fjórði glugginn greinir frá mettunarkraftaverkinu sem sagt er frá í guðspjöllunum.

-Sr. Valdimar Hreiðarsson.

BIRNA ÓG HALLGR

HEIMSÓKN HJÁ EFSTA MANNI ÍHALDSINS OG LÆKNINUM Á ÞINGEYRI

Birna Lárusdóttir á Þingeyri er allt í einu komin eins og stormsveipur inn í pólitíkina í Ísafjarðarbæ og skipar efsta sætið á lista Sjálfstæðisflokksins við bæjarstjórnarkosningarnar í vor. Hún hefur aldrei fyrr verið flokksbundin og hefur ekki einu sinni haft minnstu afskipti af stjórnmálum fyrr en nú. Samt er hún af einhverri mögnuðustu ætt pólitíkusa á Ísafirði á þessari öld og henni hreint ekki blárri. Þvert á móti er hún af þeirri ætt eðalkrata sem jafnan er kennd við séra Guðmund frá Gufudal og setti flestum fremur lit sinn á „rauða bæinn“ á fyrri tíð.

Sambýlismaður Birnu er Hallgrímur Kjartansson heilsugæslulæknir á Þingeyri. Hann er einnig af aðalsættum, því að hann er fæddur í Grunnavík og alinn upp á Ísafirði og á ættir bæði úr Jökulfjörðum og af Hornströndum. Ég heimsæki þau á Þingeyri dag einn þegar þeim gefst svolítil stund milli stríða í daglegum önnum.

Birna og Hallgrímur komu aftur til Þingeyrar eftir nokkurra ára dvöl í Noregi í lok ágúst á síðasta ári og byrjuðu bæði að vinna þar 1. september. Birna starfar nú sem leiðbeinandi við Grunnskólann á Þingeyri og stjórnar auk þess hoppandi og skoppandi „kellingum“ sér til gamans tvisvar í viku. Í daglegu tali er hún iðulega nefnd Birna fréttamaður, eftir að hún starfaði á sínum tíma um tveggja ára skeið við Svæðisútvarp Vestfjarða og síðan í nokkur ár sem fréttaritari Ríkisútvarpsins í Osló.

En hvað kemur til að hún er óforvarendis komin efst á framboðslista í Ísafjarðarbæ, og það hjá sjálfu íhaldinu?

„Það er nokkuð síðan fyrst var talað við mig um að taka sæti á framboðslista við kosningarnar í vor. Í fyrstu var ég fráhverf slíku, en síðan fóru að renna á mig tvær grímur. Ég sá að erfitt var að fá fólk í framboð og almennt virtist ekki vera áhugi að starfa að þessum málum. Ég fór að skoða hug minn betur og komst að þeirri niðurstöðu, að ef ég vildi einhverjar breytingar í sveitarfélaginu, ef ég vildi einhverjar framfarir, hvers vegna ætti ég þá að ætlast til þess að einhver annar kæmi þeim í framkvæmd fyrir mig? Og ég ákvað að lokum að segja já. En af hverju hjá íhaldinu en ekki einhverju öðru framboði? Þar var mér boðið sæti á lista þegar ég var orðin alveg ákveðin í því að gefa kost á mér í slaginn. Þegar ég fór að kynna mér málin af alvöru, þá fannst mér að sjálfstæðismenn væru með mjög ferskar og freistandi hugmyndir. Þeir vildu nýtt blóð úr öllum hlutum sveitarfélagsins, þeir vildu hafa í efstu sætum konur úr hinum ýmsum byggðum sveitarfélagsins, og þeir vildu fá nýjar konur til starfa. Vissulega þekki ég ekki mjög mikið til í Sjálfstæðisflokknum, en ég þekki samt ekki minna til þar en í öðrum flokkum. Enda hef ég aldrei starfað innan neins stjórnmálaflokks.“

Að vera settur á bás

– Mig minnir að einhvern tímann hafi ég heyrt þig orðaða við vinstrimennsku...

„Ef fólk hefur einhvern tímann sett mig á einhvern pólitískan bás, þá eru það eingöngu þess eigin hugrenningar. Það kann að vera, að vegna þess að ég á bæði ættir að rekja til gamalla Ísafjarðarkrata og starfaði í fréttum fyrir Ríkisútvarpið, þá hafi ég ósjálfrátt verið sett á bás jafnaðarmanna og vinstri manna. En hvað sem því líður, þá hygg ég að þetta hafi fyrst og fremst orðið til í hugum fólks.

Ég hef aldrei verið yfirlýstur stuðningsmaður neins flokks, fyrr en nú. Og það virðist koma sumu fólki í opna skjöldu. Það er kannski gömul lumma, en í svona litlu samfélagi finnst mér að stjórnmálaflokkarnir á landsvísu skipti ekki öllu máli, heldur fólkið sem manni býðst að starfa með. Ég er ekki með þessu að agnúast neitt út í þá sem starfa á vinstri vængnum, því að þar er vissulega mjög gott fólk, heldur var þrýstingurinn mikill á hinum vængnum og hér er ég nú.“

Hallgrímur: „Fólk sem hefur sjálft aldrei komið fram undir merkjum neins stjórnmálaflokks er samt iðulega sett þar á bás eftir því hvar foreldrar eða forfeður eða aðrir ættingjar hafa verið.“

– Styður þú konu þína í þessu?

„Já, fullkomlega.“

– Hefur þú verið í tengslum við einhvern stjórnmálaflokk?

Hallgrímur: „Nei, aldrei.“

– Átt þú ekki líka ætterni til þess að teljast vinstra megin, ef eftir slíku er farið?

„Jú, en reyndar á hinn veginn líka. Ég er kominn af áberandi vinstri mönnum að hluta, en jafnframt af eindregnu sjálfstæðisfólki að hluta.“

Rimmurnar og argaþrasið framundan

– Ertu kvíðinn fyrir hönd konu þinnar, þegar hún leggur út í þær rimmur og það argaþras sem hún má vænta á þessum vettvangi?

„Ég er það vissulega að nokkru leyti.“

– En þú sjálf?

Birna: „Ég hef nú ekki heyrt það fyrr að Hallgrímur sé kvíðinn, vegna þess að hann hefur hvatt mig allra manna mest til að fara út í þetta. Við höfum setið hér við eldhúsborðið dag eftir dag eftir dag og rætt þessi mál. Ég hef tínt til alla annmarka og hvað eftir annað hef ég verið að því komin að hætta við, en niðurstaðan hefur þó alltaf verið þessi: Vilji maður samfélagi sínu vel, reynir maður þá ekki sjálfur að hafa áhrif á það?

Jú, vissulega er ég kvíðin. Það væri barnalegt að viðurkenna ekki fyrir sjálfri mér og öðrum, að ég er kvíðin að takast á við hluti sem ég hef aldrei staðið í áður. Ég veit að ég þarf að takast á við verkefni sem eru mér ný, stjórnsýsluna og pólitíska baklandið á svæðinu, og ég ætla mér að gera það af fullum krafti. Það væri óeðlilegt að finna ekki fyrir pínulitlum hnút í maganum þegar lagt er af stað. En fyrst og fremst legg ég út í þetta af bjartsýni. Ég vona að mér auðnist að inna verk mín vel af hendi.“

– Það eru einkum tvö gerólík viðfangsefni sem bíða þín á þessu sviði – annars vegar sveitarstjórnarmálin sjálf á faglegum grunni og hins vegar persónuleg átök þar sem búast má við ósanngirni, rógburði og skítkasti, jafnt frá pólitískum samherjum sem pólitískum andstæðingum, eins og dæmin sanna úr öllum flokkum og framboðum eða því sem næst. Ertu ekkert hrædd við hina margfrægu óvægnu, harkalegu og persónulegu pólitík hér vestra?

Pólitíkin á Ísafirði

Birna: „Þessi óvægna pólitík er búin til og mögnuð upp af fólki sem hefur aldrei getað litið hvert annað réttu auga. Margir koma inn á þennan vettvang hlaðnir eigin hagsmunum, ættarhagsmunum og ýmsum öðrum hagsmunum, sem þeir eiga erfitt með að losa sig við þegar þeir eiga að fara að takast á við sameiginleg málefni sveitarfélagsins. Það er ekkert launungarmál, að bæjarmálapólitíkin á Ísafirði hefur alla tíð einkennst af grimmd, hún hefur einkennst af rýtingsstungum í bakið.

Það er eins og fólk hafi naumast getað beðið eftir því að andstæðingurinn snúi sér við svo að hægt sé að reka rýtinginn í bakið á honum. Ég kem hins vegar inn á þennan vettvang eins lítið tengd hagsmunapólitíkinni hér og frekast getur verið. Ég á engra persónulegra hagsmuna að gæta í atvinnurekstri. Ég á enga fjölskyldu á Ísafirði lengur, þó að hún hafi verið mjög stór þar á sínum tíma. Ég kem inn á þetta svið á mínum eigin forsendum, þó að ég muni vonandi eiga ráðgjafa vísa á hverju strái og vafalaust óvini líka. Hins vegar vona ég, að ég eigi færri andstæðinga og óvini en margur sem er rótgrónari í sveitarfélaginu en ég. Svo má benda á hitt, að þótt pólitíkin hafi verið hatrömm á Ísafirði á liðnum árum og áratugum, þá hafa líka verið starfandi sveitarstjórnir í minni byggðarlögunum, sem nú mynda Ísafjarðarbæ, þar sem allt hefur verið með mildari blæ, þótt vissulega hafi komið þar til átaka líka. Ef til vill einblína menn um of á liðna tíma á Ísafirði. Ef til vill er kominn tími til að setja lokið ofan á þennan pott sem hingað til hefur soðið upp úr með reglulegu millibili, eins og einn ágætur maður orðaði það fyrir skömmu. Ef til vill er einmitt nú kominn tími fyrir breytt vinnubrögð og breyttan hugsunarhátt.“

Nú er lag fyrir ný vinnubrögð

– Hvað segir þú um úlfahjörðina í pólitíkinni á Ísafirði?

Hallgrímur: „Ég hef nú aldrei lent í vegi hennar. En ég veit af henni, ég hef alltaf fylgst með og þekki flesta á Ísafirði, enda uppalinn þar. Og ég óttast hana að vissu leyti fyrir hönd konu minnar. En ég hygg að nú sé ákveðið tómarúm í pólitíkinni á þessu svæði, sem kemur fram í því að krafturinn í henni er lítill og erfitt hefur reynst að fá nýtt fólk til starfa. Ég held að almenning þyrsti í breytingar á allri yfirstjórn á svæðinu. Þess vegna er einmitt núna mjög góður grundvöllur til margvíslegra breytinga.

Ég er ekki að segja að það takist fullkomlega, en ég hygg að nú sé lag til að gera eitthvað nýtt, ekki síst vegna þess að nú eru fyrstu reglulegu kosningarnar í hinu nýja sveitarfélagi eftir sameininguna fyrir tveimur árum. Þær eru líka stökkpallur til þess að víkka sjóndeildarhringinn og leggja út á aðrar brautir en þær sem hafa einkennt pólitíkina á Ísafirði og við höfum verið hér að ræða um. Nú er lag fyrir meiri víðsýni með hagsmuni alls svæðisins í huga. Nú þarf að taka tillit til fleiri sjónarmiða en bara þeirra sem ríkja á Ísafirði og hafa sett mark sitt á pólitíkina þar.“

Birna: „Það má samt enginn halda að ég gangi út á þessa braut með lokuð augun og trúi því að þetta verði eintómur dans á rósum. Ég er ekki svo bláeyg! En ef okkur tekst sæmilega að sneiða hjá þeirri úlfúð og því endalausa hagsmunapoti, sem hefur ekki aðeins einkennt pólitíkina á Ísafirði, heldur meira og minna um allt land, þá er betri tíð framundan.“

Framtíðin

Hallgrímur: „Ég held að við ættum ekki að einblína allt of mikið á það neikvæða sem var. Allir þekkja það nógu vel. Við ættum frekar að horfa til betri framtíðar, við ættum frekar að horfa til ástands sem verði betra en við eigum að venjast. Við eigum að stefna að breytingum til batnaðar. Við trúum að svo megi verða og þess vegna viljum við vera með. Við viljum hafa áhrif á þær breytingar. Við búum hér, eigum hér okkar rætur og höfum taugar til þessa svæðis. Við höfum fylgst með gangi mála, án þess að vera þátttakendur sjálf, og okkur hefur fundist ganga illa.

Það er ástæðan fyrir því að ég hvet Birnu eindregið til þess að gefa sig í þetta, og ég vonast til þess að það verði byggðunum og fólkinu hér til góðs og þar með okkur sjálfum líka. Við teljum okkur vissulega vera að hugsa bæði um framtíð Ísafjarðarbæjar og okkar sjálfra, sem búum hér, vegna þess að þeir hagsmunir fara algerlega saman.“

„Táradalurinn“ Vestfirðir

Birna: „Þú heyrir að þú ert að tala við kosningastjórann minn! Hann talar vissulega fyrir mína hönd líka. En mér

ÍMUR



„Ég er mjög hrifinn af þessu svæði, fjölbreytileika þess, náttúrufegurð og hrikaleik. En ég held því alls ekki fram að ég sjái ekki neitt annað. Allir landshlutar og öll lönd hafa sín sérkenni og eru heillandi hvert með sínum hætti. Ég er ekki haldinn neinum hroka hvað Hornströndum og Jökulfjörðum viðkemur og held því ekki fram að þeir staðir séu betri en allir aðrir," segir Hallgrímur.

finnst mikilvægt að við höfum í huga, að breytingar gerast ekki á einni nóttu. Slíkt gerist að sjálfsögðu ekki. En það sem við þurfum að gera, er að sporna við og snúa við þeirri þróun sem ógnar framtíð Vestfjarða. Þar á ég við fólksflóttann, þar á ég við minnkandi áhrif fjórðungsins, sem snertir ekki síst Ísafjarðarbæ, stærsta sveitarfélagið á Vestfjörðum. Við verðum að auka áhrif bæjarins út á við. Við verðum að breyta ímynd hans. Við verðum að koma til skila þeirri staðreynd, að hér er sannarlega ekki eintóm eymd og volæði. Við verðum að koma því til skila, að hér er gott að vera. Hér hefur vissulega ýmislegt dunið yfir á undanförnum árum. Atvinnuástand hefur verið sveiflukennt í einstökum byggðarlögum, ég tala nú ekki um hér á Þingeyri. En í samfélaginu hér eru vaxtarbroddar sem við eigum að hlúa að. Við verðum að komast upp úr þessu neikvæða fari, upp úr þessum táradal sem Vestfirðir eru í augum annarra landsmanna. Stundum fæ ég að heyra að ég sé nýflutt hingað og þekki þess vegna ekkert til á Vestfjörðum. En ég bjó hér nú í tvö ár, starfaði sem fréttamaður, kynntist rækilega mönnum og málefnum, flutti fréttir héðan og fylgdist náið með því sem var að gerast á svæðinu.

Ég tel mig alveg sæmilega vel kunnuga hér í bæjarfélaginu. Ég á ættir að rekja til Ísafjarðar og hef alltaf litið á mig sem Ísfirðing, enda hélt fjölskylda mín og einkum móðir mín því að mér alla tíð og gerir enn. Fyrir vikið þykir mér ákaflega vænt um þann stað. Ég kom hingað fyrst haustið 1992 og var hér í tvö ár, og allan tímann sem við bjuggum úti í Noregi eftir það var það ljóst að hingað vildum við koma aftur. Hallgrímur er uppalinn á Ísafirði, þar á hann sína fjölskyldu og þar á ég mitt tengdafólk. Ég finn að hér fyrir vestan á ég heima.“

Þegar Grunnavík fór í eyði

Hallgrímur Kjartansson er fæddur í Sætúni í Grunnavík í Jökulfjörðum og átti þar heima fyrstu þrjú ár ævinnar en fluttist þá til Ísafjarðar ásamt foreldrum sínum, sem búa þar enn. Faðir hans er Kjartan Sigmundsson frá Hælavík á Hornströndum. Foreldrar Kjartans voru Sigmundur Guðnason og Bjargey Pétursdóttir, sem þar bjuggu, en fluttust til Ísafjarðar árið 1938 og áttu síðan heima við Skógarbraut í Tungudal.

„Móðir mín, María Hallgrímsdóttir, átti heima í Sætúni hjá föður sínum, afa mínum og nafna, Hallgrími Jónssyni frá Dynjanda í Jökulfjörðum, sem var kunnur maður á Ísafirði á sinni tíð eftir að hann fluttist þangað og var m.a. meðhjálpari við Ísafjarðarkirkju. Móðuramma mín var Kristín Benediktsdóttir á Dynjanda.

Afi og amma bjuggu á Dynjanda þangað til þau fluttust í Grunnavík, um það bil tíu árum áður en sveitin fór öll í eyði á skömmum tíma. Gert var átak til þess að reyna að viðhalda byggðinni í Jökulfjörðum og stemma stigu við fólksflóttanum með því að mynda þorp í Grunnavík. Bændur á svæðinu fengu styrk til þess að sporna við byggðaröskuninni.Vegir voru lagðir, sími lagður og bryggja gerð í Grunnavík og miklu fé varið til uppbyggingar þar. Þetta

Laxveiði og Gagnagrunnur til sölu

Alþingi Íslendinga fjallar um mörg mál og merkileg. Nú hefur það fjallað um laxveiðimál bankastjóra. Jóhanna Sigurðardóttir hefur að mörgu leyti sérstöðu í hópi þingmanna. Hún hefur áhuga á þeirri sömu siðbót og Vilmundur heitinn Gylfason beitti sér fyrir að upp yrði tekin í opinberu lífi, bæði í stjórnmálum og stjórnsýslu. Jóhanna hefur vakið athygli á því, að stóri ríkisbankinn, Landsbanki Íslands hefur haft þann háttinn á, að veiða lax á kostnað bankans. En ekki nóg með það. Veiðileyfin voru keypt af einum bankastjóranum. Nú kann svo að vera að almenningi og sparifjáreigendum þyki sjálfsagt að vaxtamunurinn fari til þess að kaupa veiðileyfi handa bankastjórum. Verra er þó, að Landsbanki Íslands hefur fengið milljarða úr ríkissjóði til að rétta af hallarekstur vegna tapaðra útlána. Þar var um að ræða skattpeninga landsmanna. Það er rétt að 42 milljónir eru smáræði samanborið við milljarðana, sem réttu af tap Landsbanka Íslands.

Verra er þó að Landsbanki Íslands gaf viðskiptaráðherra röng svör um fjárhæðir. Sagt var að veiðileyfi hefðu verið keypt fyrir 18 milljónir rúmar í stað tæpara 42 milljóna. Forvitnilegt verður að sjá hvaða tökum alþingismenn taka málið. Sú spurning vaknar líka hvort bankastjórum og bankaráði þyki sjálfsagt að verja svo miklu fé til kaupa á veiðileyfum. Jafnframt hlýtur sú spurning að brenna á mörgum hvort eðlilegt geti talist að kaupa veiðileyfin af fyrirtæki eins bankastjóranna. Sverrir Hermannsson bankastjóri Landsbankans óskaði eftir því við Ríkisendurskoðun, að hún rannsakaði frekar sölu veiðileyfa í framhaldi af fyrirspurn alþingismannsins. Ríkisendurskoðun komst að því að keypt hafði verið fyrir 41,7 milljónir. Svar bankans til viðskiptaráðherra hljóðaði upp á 18,3 milljónir. Í ljós kom að annar bankastjóri bæri ábyrgð á svarinu. Ljóst má vera af þessu að Alþingi og stofnun hennar Ríkisendurskoðun hafa miklu hlutverki að gegna.

Íslensk Erfðagreining

Fá fyrirtæki sem starfa á Íslandi hafa vakið viðlíka athygli erlendis og Íslensk Erfðagreining. Það er verðskuldað. Fyrirtækið hefur bryddað upp á nýjungum í rannsóknarstörfum. Það hyggst einbeita sér að því að rannsaka sjúkdóma eftir ættum. Íslendingar hafa lengi verið þekktir áhugamenn á sviði ættfræði. Skráning ætta og rakning hefur verið talin traust. Þó er talið að nokkur óvissa ríki almennt um faðerni, jafnvel á bilinu 5 til 10%. Einkum hefur slíkt komið upp við læknisrannsóknir vegna sjúkdóma eða slysa. Enginn treystir sér til að fullyrða um nákvæmt hlutfall. Það kynni að verða auðveldara ef sjúkdómar eru rannsakaðir kerfisbundið með tilliti til ættfræði.

Nú hefur heilbrigðisráðherra lagt fram frumvarp á Alþingi, sem heimilar Íslenskri Erfðagreiningu einkaleyfi til að setja upp og reka gagnagrunn byggðan á upplýsingum úr sjúkraskrám. Nauðsynlegt kann að vera að halda öllum upplýsingum um sjúkdóma og kvilla þeirra sem leita til læknis á Íslandi saman á einni skrá. Hver er tilgangurinn? Í þessu tilviki mun hann vera sá að auðvelda Íslenskri Erfðagreiningu rannsóknir. Fyrir hvern er rannsakað? Svarið er Hoffman La Roche, lyfjafyrirtæki með höfuðstöðvar í Sviss. Getur það gengið að trúnaðarupplýsingar um kvilla og sjúkdóma Íslendinga verði að söluvöru í alþjóðlegum viðskiptum? Svarið er nei. Það mun gera rannsóknir Íslenskrar Erfðagreiningar einstæðar ef það verður raunin að allar fyrirliggjandi upplýsingar um sjúkdóma allra sjúklinga á Íslandi séu aðgengilegar. Það mun einnig skapa fyrirtækinu yfirburða stöðu á markaði að eiga möguleika á því að vísa til þessarar staðreyndar. En er það rétt gagnvart fólkinu sem að baki býr? Aftur verður svarið nei. Vernd persónuupplýsinga verður marklaus, verði það að veruleika að fyrirtækið fái einkarétt að nefndum gagnagrunni.

Kostir og gallar

Kostir þess að koma á fót „gagnagrunni á heilbrigðissviði", en það er heiti á frumvarpi heilbrigðisráðherra, eru nokkrir og ótvíræðir. Vísindamenn komast í rannsóknarefni sem er ólíkt öllu öðru sem þeir hafa aðgang að. Heilbrigðisupplýsingar heillar þjóðar, þótt lítil sé, ásamt ættrakningu allt að 10 liði aftur, til ársins 1700 eða þar um bil, opna nýjan heim. Allt verður hægt að bera saman með tölvutækni og rekja sjúkdóma fram og aftur, upp og niður ættir og til hliðar. Vísindamaður sem eingöngu hefur fræðilegan vísindaáhuga á viðfangsefni sínu hlýtur að gleðjast. Sama er uppi á teningnum varðandi viðskiptavini Íslenskrar Erfðagreiningar. Þeir sjá fyrir sér hversu vel það hrífur á lækna og sjúklinga að vitna til vandaðra vísindarannsókna. Lyf munu öðlast aukið gildi í hugum neytenda við þessa staðreynd. En gallarnir eru margir. Sá stærsti er að veita einkaaðila aðgang að persónulegum upplýsingum heillar þjóðar. Þrátt fyrir allt segja sérfræðingar að ómögulegt sé að koma í veg fyrir að upplýsingar verði óaðgengilegar þeim sem ekki eigi að sjá þær. Það kostar 12 milljarða að sögn að útbúa gagnagrunninn. Þeir hljóta að eiga skila arði. En hver er réttur sjúklinga? Hætta þeir að fara til læknis af persónulegum ástæðum? Fylgst verður með alþingismönnum í þessu máli.

-Stakkur.

átak mistókst og eftir áratug fluttist fólkið burt. Um þessa tíma og þessa atburði skrifaði Hallgrímur afi minn bók, Sögu stríðs og starfa. Ég hef að sumu leyti sömu tilfinninguna gagnvart Vestfjörðum í heild og hann lýsir þar. Mér finnst að Vestfirðir séu nú næsta varnarlína landsbyggðarinnar. Í Jökulfjörðum og Grunnavík fóru byggðimar í eyði og það voru vissulega erfiðar aðstæður til að koma í veg fyrir það. En þegar ein byggð fer í eyði, þá er sú næsta í hættu. Þetta gildir vissulega líka um núverandi byggðir í Ísafjarðarbæ. Ef þorpin í kaupstaðnum fara í eyði, Þingeyri, Suðureyri og Flateyri, þá er Ísafjörður sjálfur næstur. Þess vegna verðum við að hugsa um svæðið allt í heild sinni. Við verðum að gæta víglínunnar en gefa hana ekki eftir. Víglínan sem ver Ísafjörð er núna á Þingeyri“, segir Hallgrímur.

Ættarslóðir og bjargferðir

– Þú hefur ennþá tengsl við Jökulfirði og Hornstrandir, ættarslóðir feðranna, og ferð jafnan í bjargferðir eins og ýmsir fleiri í fjölskyldunni...

„Já, fjölskyldan á hús á Horni, sem við sækjum í, og eins eigum við hús í Grunnavík, sem nýlega var byggt. Ég er búinn að fara norður í Hornvíkina á nærfellt hverju einasta vori frá því að ég var krakki, líklega um níu ára aldur. Pabbi er búinn að fara norður á hverju vori alla tíð frá því að hann var drengur og ég hef farið með honum. Ég hef ekki endilega alltaf farið í egg, heldur verið með og verið í kringum þetta. Ég er ekki mikill bjargmaður, þó að ég hafi farið í bjargið.“

– Lofthræðsla er víst ekki þekkt hjá Hornstrendingum...

„Nei, ég hef ekki heyrt um það – nema hjá mér! En mér hefur tekist að yfirbuga hana og hef farið upp um allt bjarg og tínt egg. Ég varð að gera það einfaldlega til að fá að vera með.“

– Hverju skiptir það þig að eiga ræturnar í eyðibyggðunum þarna norður frá og geta farið þangað frá erli daganna?

„Það gefur mér orku. Allir verða að eiga eitthvað til að halda sér í utan við daglegt amstur, eitthvað sem maður getur kennt sig við og verið stoltur af. Ég er mjög hrifinn af þessu svæði, fjölbreytileika þess, náttúrufegurð og hrikaleik. En ég held því alls ekki fram að ég sjái ekki neitt annað. Allir landshlutar og öll lönd hafa sín sérkenni og eru heillandi hvert með sínum hætti. Ég er ekki haldinn neinum hroka hvað Hornströndum og Jökulfjörðum viðkemur og held því ekki fram að þeir staðir séu betri en allir aðrir.“

Læknir um land allt

Hallgrímur gekk í barnaskóla og gagnfræðaskóla á Ísafirði og síðan í Menntaskólann á Ísafirði og lauk þaðan stúdentsprófi árið 1979. Það var seinasta útskrift þáverandi skólameistara, Jóns Baldvins Hannibalssonar. En af hverju valdi hann læknisfræði og hver hefur sá ferill verið?

„Það eru engir læknar í nánustu fjölskyldu minni, þannig að ástæðan er ekki sú. Mér fannst þetta einfaldlega áhugavert þegar að því kom að velja framhaldsnám, en það var engin rómantík á bak við þessa ákvörðun. Ég hafði enga drauma frá ungum aldri um að verða læknir. Ég fór í Háskóla Íslands og lauk embættisprófi í læknisfræði 1986.

„ Ég hef aldrei verið yfirlýstur stuðningsmaður neins flokks, fyrr en nú. Og það virðist koma sumu fólki í opna skjöldu. Það er kannski gömul lumma, en í svona litlu samfélagi finnst mér að stjórnmálaflokkarnir á landsvísu skipti ekki öllu máli, heldur fólkið sem manni býðst að starfa með," segir Birna.

Eftir það hef ég unnið mjög víða og farið að heita má hringinn í kringum landið. Árið 1988 fór ég til Svíþjóðar, kom aftur heim ári síðar og fór að vinna á Landspítalanum. Veturinn 1990-91 var ég beðinn um að koma til læknisstarfa hér á Þingeyri. Rétt upp úr því var gert átak til þess að bæta starfsskilyrði lækna í einmenningshéruðum, sem þá voru afar slæm, og það var ástæða þess að ég gat hugsað mér að vera hér áfram. Meðal annars var boðið upp á möguleika til þess að komast í frí til að endurmennta sig.

Það getur enginn læknir þrifist án þess að geta haldið við og bætt við kunnáttu sína og þekkingu, allra síst þegar hann er einn og einangraður á litlum stað. Félagsleg og fagleg einangrun lækna frá kollegum sínum er ákaflega óheppileg. Úr þessu var bætt og það hefur orðið mjög til góðs. Nú eru hins vegar aftur alvarlegar blikur á lofti í málefnum heilsugæslulækna.“

Noregsárin

Hallgrímur var síðan þrjú og hálft ár læknir á Þingeyri. Á þeim tíma kynntust þau Birna og tóku saman, en hún vann þá hjá Svæðisútvarpinu. Þau ákváðu síðan að fara til Noregs sumarið 1994 til þess að Hallgrímur gæti lokið sérnámi í heimilislækningum og því lauk hann síðastliðið vor. Hann var allan tímann í Noregi í fullu starfi sem læknir en stundaði námið jafnframt undir stjórn handleiðara, eins og það er kallað. Lengst af bjuggu þau í Osló og þar starfaði Birna eins og flestum er kunnugt sem fréttaritari Ríkisútvarpsins.

Birna: „Við bjuggum fyrst í nokkra mánuði í Rena, mjög litlu sveitarfélagi í Austur-Noregi, skammt frá sænsku landamærunum, ekki langt frá Elverum. Þar eiga menn allt sitt undir skógarhöggi og pappírsvinnslu. Þetta er afskekktur staður og okkur fannst við að sumu leyti vera komin aftur á svipað ról og á Þingeyri.“

Hallgrímur: „Faglega séð hafði ég meiri þörf fyrir að vera í borg, til að komast í snertingu við hluti sem lítið er um í fámennum og afskekktum byggðum. Eftir nokkurra mánaða dvöl í Rena komst ég inn í námshóp í Osló og þar bjuggum við þangað til í haust.“

Aftur heim til Þingeyrar

– Var það alltaf ákveðið að þú kæmir aftur til læknisstarfa á Þingeyri að loknu framhaldsnámi?

Hallgrímur: „Ég lýsti yfir vilja mínum til þess að koma hingað aftur. Ég hafði sagt mönnum að ég þyrfti að ljúka mínu sérnámi, því að ég vildi ekki daga uppi án þess. Mér líður mjög vel úti á landi, en á hinn bóginn þykir mér líka ágætt að búa í borg. En ef ég ætti að vera læknir úti á landi, þá vildi ég helst vera hér á Þingeyri. Ég hugsaði ekki um aðra staði úti á landi. Þessi staður togaði í mig á margan hátt. Ef ég væri ekki einmitt hér, þá vildi ég alveg eins búa í borg. Ég gæti alveg hugsað mér að búa í New York, svo dæmi sé tekið.“

Birna: „Mörgum þótti ákaflega skrítið að við skyldum ætla að koma aftur til Íslands úr allsnægtunum í Noregi. Og ekki nóg með að fara aftur til Íslands, heldur meira að segja á „einhvern afskekktan stað“ langt úti landi. Eruð þið að fara að grafa ykkur lifandi? spurði fólk. Mér finnst þetta viðhorf jafnvel líka ríkjandi meðal ýmissa rótgróinna Ísfirðinga, þótt undarlegt megi virðast. Þeim finnst eins og við séum á einhverjum útkjálka hér á Þingeyri. Ég held að þeir sem þekkja ekki til geri sér enga grein fyrir því hvað hér er gott að vera og margt við að vera. Ég hef búið í stórborgum og ég hef búið hér og hef því góðan samanburð. Þetta snýst allt um að laga sig að umhverfinu og nýta sér kosti þess. Grasið er ekki alltaf grænna hinum megin.

Ég hef aldrei á ævinni haft eins mikið að gera eins og hér á Þingeyri í vetur. Hér er notalegt að vera og mannlífið er gott. Dýrfirðingar virðast áfram um að halda hér byggð og blómlegu mannlífi. Við verðum hreinlega að fara að auglýsa það um allt land hvað hér er gaman að búa og fá fólk hingað aftur. Það hefði aldrei hvarflað að okkur að koma hingað aftur hefðum við ekki vitað fullkomlega að hverju við gengum. Okkur hefði ekki dottið í hug að koma hingað ef við hefðum haldið að við ættum eftir að híma hér í einsemd og afskiptaleysi.“

Hefur aldrei gengið með bæjarfulltrúa í maganum

– Hefur ekki framboð Birnu tryggt það nokkuð sæmilega að þú verðir hér starfandi læknir næstu fjögur árin að minnsta kosti?

Hallgrímur: „Vilji minn stendur til að vera hér áfram enn um sinn, alveg óháð því. En hvað framtíðina snertir hlýtur hún að ráðast af því, hvernig verður að búa hér. Ef

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.

Sunnuholt 1: Eitt glæsilegasta húsið í bænum. 277m², ásamt bílskúr.

ÍSAFJÖRÐUR:

Aðalstræti 13: Efri hæð í tvírýlishúsi ásamt hálfum kjallara og tvöföldum bílskúr. Laus.
Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
Stakkanes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
Pólgata 6: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð. Laus fljótlega.
Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð: 4.300.000,-
Stórholt 13: 4ra herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign eða jafnvel bíl koma til greina. Íbúðin er laus. Verð kr. 7.800.000
Strandgata 5: Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í sambýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 2.000.000
Strandgata 7: Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð óskast.
Urðarvegur 78: Glæsileg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð. Skipti á ódýrari eign á Eyrinni koma til greina.

Hlíðarvegur 14: Einbýlishús - kjallari, hæð og óinnréttað ris. Grunnflötur ca. 90m². Húsið er nýuppgert að mestu. Verð: 10.400.000,-

BOLUNGARVÍK:

Holtabrún 5: Ca. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr.
Hafnargata 7: 86m² neðri hæð í tvíbýlishúsi.
Höfðastígur 6: U.þ.b. 80m² kjallaraíbúð. Íbúðin er laus. Verð: 1.200.000,-
Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
Skólastígur 21: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er mjög falleg og er auð. Verð kr. 3.700.000,-
Traðarland 24: 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódýrt á góðum kjörum.
Traðarland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
Völusteinsstræti 3: Einbýlishús ásamt bílskúr.
Völusteinsstræti 28: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgert að utan. Verð: 7.000.000,-.

FLATEYRI:

Bárugata 3: 2x60m² einbýlishús ásamt garðhúsi og stórum bílskúr. Afarfalleg eign.
Eyrargata 5: Einbýlishús, kjallari, hæð og ris. Grunnflötur ca. 45m². Húsið er laust. Verð: 3,000,000,-
Hafnarstræti 23: Einbýlishús ásamt bílskúr. Húsið er laust. Verð: 2,600,000,-

PATREKSFJÖRÐUR:

Brunnar 2: Rúmlega 170m² einbýlishús. Húsið er laust. Verð: 5.500.000.-
Strandgata 11A: Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið er illa farið að innan en er nýklætt að utan. Verð: 2.600.000,-

SUÐUREYRI:

Sætún 4: 190m² raðhús. Verð: 1.400.000,-

öðru hvoru okkar líkaði að einhverju leyti ekki að vera hér áfram, þá hlytum við að hugsa okkar gang.“

Birna: „Mér finnst ekki sanngjarnt að stilla málum þannig upp, að læknirinn fari ef menn kjósa mig ekki! Ég ákveð einmitt að taka þátt í þessu vegna þess að við erum búin að taka þá ákvörðun að vera hér, en alls ekki öfugt! Starf Hallgríms sem læknis hér tengist ekki þessu brambolti mínu á neinn hátt. Ég vil að þetta sé alveg á hreinu. Ég fluttist ekki aftur til Þingeyrar í haust vegna þess að það væru bæjarstjórnarkosningar í vor.

Ég hef aldrei gengið með bæjarfulltrúa í maganum og fyrir nokkrum vikum hefði mig ekki órað fyrir því að ég yrði í framboði. Ég geri það eingöngu vegna þess að margt gott fólk hefur komið að máli við mig og hvatt mig til þessara hluta. Þegar við fórum til Noregs sögðum við bæði: Að öllu óbreyttu komum við aftur hingað til Þingeyrar. Vissulega tekur maður ekki ákvarðanir fyrir alla framtíð. Ég er ekki gefin fyrir að skuldbinda mig mörg ár fram í tímann. En núna er ég í svipaðri stöðu og þegar ég ákvað að fara í menntaskóla og síðan í háskóla: Nú er ég að binda mig ákveðnu verkefni til næstu fjögurra ára. Hins vegar veit enginn hvað framtíðin kann að bera í skauti sér og það er einfaldlega frelsi hvers manns að ákveða hvar hann býr hverju sinni.“

Þingeyri orðið útundan?

– Nú ætlar þú væntanlega að leggja þitt af mörkum til þess að fólki og þar með ykkur sjálfum þyki gott að búa hér. Hvernig finnst þér til hafa tekist á síðustu árum eftir sameiningu? Finnst þér Þingeyri að einhverju leyti hafa orðið útundan?

Birna: „Mér heyrist það vera álit margra Þingeyringa. Ég ætla sjálf ekki að leggja mat á það strax. Það er rúmlega hálft ár frá því að við komum hingað aftur. Ég var vissulega talsmaður sameiningar sveitarfélaganna hér og sá ekki aðra skynsamlega leið fyrir þetta svæði. En nú á ég eftir að kynna mér þessi mál til hlítar og ég mun sannarlega gera það. Ég mun ræða við fólk sem ég treysti, fólk sem ég tel að hafi vit á hlutunum, og síðan mun ég leggjast undir feld og brjóta málin til mergjar. Ég mynda mér ekki skoðanir á öllu hér á svipstundu, hvað þá eftir að hafa búið erlendis í nokkur ár. Það sem ég veit með vissu á þessari stundu, er að fólk er hrætt, fólk er virkilega áhyggjufullt um framtíð þessa svæðis.

Ég tek sannarlega undir allt sem Hallgrímur sagði áðan um víglínuna. Hún er alltaf að færast í áttina að suðvesturhorni landsins. Sér í lagi virðist mér útlitið uggvænlegt hér á Vestfjörðum. Eitt er víst: Ef við ætlum að viðhalda byggð í þessum landshluta, þá verðum við að leggja rækt við litlu byggðakjarnana.“

– Ætlar þú að gera það?

„Já, ég ætla að gera það í samstarfi við þann hóp karla og kvenna sem skipar lista Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ. Og ekki bara í þeim hópi. Ég ætla að gera mitt besta í samvinnu við allt gott fólk, sem ber hag þessa byggðarlags fyrir brjósti.“

Karlmenn ákveðnir, konur frekjur

– Ertu hörkutól?

„Það er sagt um karlmenn sem láta í sér heyra, að þeir séu ákveðnir og láti ekki vaða yfir sig, en um konur er aftur á móti sagt að þær séu frekjur. Ég ætla að láta aðra dæma um mig hvað það snertir. Hins vegar held ég sjálf að ég sé ekkert meira hörkutól en hver annar.“

– Lætur hún vaða yfir sig?

Hallgrímur: „Nei.“

Birna: „Ef ég tel mér misboðið, þá læt ég í mér heyra, við getum orðað það svo. Ég læt helst ekki vaða yfir mig. En ég forðast að vaða yfir annað fólk. Ég held að ég hafi þann eiginleika að geta hlustað á röksemdir annarra. Og vissulega hef ég þurft að rækta með mér þann hæfileika í starfi mínu sem fréttamaður, að skoða báðar hliðar á hverju máli. Nú reynir á, hvernig mér tekst það í sveitarstjórnarmálunum.“

– Nú þekkir þú Birnu vænt-anlega betur en flestir aðrir. Þú treystir henni í þennan slag...

Hallgrímur: „Ég hefði ekki hvatt hana til að fara í þetta nema af því að ég veit, að hún er rétta manneskjan í þetta. Ég treysti henni mjög vel. Hún hefur alla hæfileikana og réttu eiginleikana. Reynsluna vantar hana enn, en reynslu öðlast að sjálfsögðu enginn fyrr en á reynir. Af því hef ég engar áhyggjur. Birna hefur í ríkum mæli allt annað sem til þarf. Hún á auðvelt með að umgangast fólk, kynnast fólki, tala við fólk, vinna með fólki og koma fram út á við. Mannlegu samskiptin skipta höfuðmáli. Þau eru einn helsti styrkur hennar.“

(Birna fer hjá sér og biður um að framangreind ummæli verði ekki höfð með í þessu viðtali. Á það er ekki fallist.)

Hallgrímur: „Þeir sem hafa falast eftir henni til þessara starfa vita að sjálfsögðu að hún hefur kynnst mörgu og öðlast margvíslega reynslu á frekar skömmum tíma, þeir hafa kynnst því sem í henni býr. Þetta er ekki bara frá mér komið.“

Strengjabrúða í höndum annarra?

Birna: „Vegna reynsluleysis míns í sveitarstjórnarmálum hef ég grun um að sumir haldi að ég verði bara strengjabrúða í höndum einhverra annarra.“

– Ertu eða verðurðu strengjabrúða í höndum einhverra annarra?

„Ég ráðfæri mig við fólk sem ég treysti um hluti sem ég tel mig ekki hafa nógu góða vitneskju um. Ég afla mér upplýsinga sem ég þarf á að halda. En ef einhverjir vænta þess að ég verði leiksoppur eða strengjabrúða í höndum annarra, þá verða þeir einfaldlega fyrir miklum vonbrigðum. Ef til vill einblína einhverjir á þá staðreynd, að í þremur efstu sætum listans eru konur, þar af tvær á svipuðu reki, að sumu leyti með svipaðan bakgrunn í lífinu og hafa ekki þessa margumtöluðu reynslu af sveitarstjórnarmálum. En það er út í hött að tala um strengjabrúður í þessu sambandi. Þetta er einmitt hættan, þegar konur eru einhvers staðar í fararbroddi. Þá er sagt: Það eru bara einhverjir kallar sem stjórna þeim á bak við tjöldin. Kallarnir ættu bara að líta í eiginn barm og spyrja sjálfa sig. Hverjir stjórna þeim? Hver er það sem stjórnar á heimilinu? Ég fullyrði að við erum fullt eins hæfar til að gegna þessum störfum og karlarnir. Og það er eitt sem við höfum ef til vill fram yfir marga karlmenn: Við ráðfærum okkur við annað fólk!“

– Það eru semsé ekki líkur á því að læknisfrúin á Þingeyri verði strengjabrúða yfirlæknisins á Ísafirði, eins og einhverjir virðast halda...

„Þeir sem halda það verða að eiga það við sjálfa sig. Við Þorsteinn ætlum að vinna vel saman að málefnum sveitarfélagsins, ásamt öðru því ágæta fólki sem er með okkur. Kannski verður hann bara strengjabrúðan mín! Hvað heldur fólk eiginlega um mig? Þorsteinn er vissulega sterkur persónuleiki. Stundum heyrist sagt, með réttu eða röngu, að hann sé nokkuð einráður. En sem skurðlæknir og sem yfirmaður á sjúkrahúsi stendur hann daglega frammi fyrir því að taka upp á eigin spýtur afdrifaríkar ákvarðanir sem geta varðað líf eða dauða. Ég mun hlusta á Þorstein og notfæra mér fjögurra ára reynslu hans í bæjarstjórn. Ég mun líka vissulega hlusta vel og vandlega á það sem Ragnheiður Hákonardóttir hefur að miðla mér. Ég mun hlusta vandlega á alla þá sem hafa starfað að þessum málum. En ég verð ekki strengjabrúða eins eða neins. Enda er fráleitt að efsti maður á lista sé í slíku hlutverki.“

Af ættum ísfirskra eðalkrata

Eins og fyrr segir er Birna Lárusdóttir ísfirskur eðalkrati að ætt. Og reyndar líka sjálfstæðismaður að ætt, ef út í það er farið. Hún er fædd í Reykjavík árið 1966 og uppalin í Háaleitishverfinu. Hún á einn bróður, Þóri Lárusson verkfræðing í Reykjavík.

Foreldrar þeirra eru Dóra Ketilsdóttir og Lárus G. Gunnarsson, sem er flugvirki og búsettur í Flórída. Þau skildu þegar Birna var unglingur. Lárus er Reykvíkingur í aðra ættina en Akureyringur í hina. Amma Birnu og nafna er af Thorarensen-ættinni stóru á Akureyri. Langafi Birnu í föðurætt var Þorvarður Þorvarðarson, prentsmiðjustjóri í Gutenberg.

Dóra móðir Birnu er dóttir Ketils Guðmundssonar, sem um áratugaskeið var kaupfélagsstjóri á Ísafirði. Sú ætt eðalkrata var fjölmenn á Ísafirði á sinni tíð, en það fólk er allt löngu farið frá Ísafirði. „Móðir mín eignaðist bróður minn á Ísafirði árið 1956 og fluttist suður með hann mjög ungan ásamt ömmu minni, Maríu Jónsdóttur. Afi varð þá eftir um sinn til að ganga frá ýmsum lausum endum í kaupfélaginu. Vegna þessa uppruna míns hef ég ef til vill ósjálfrátt verið bendluð við kratana, án þess að ég hafi nokkru sinni lýst yfir stuðningi við þá, hvað þá starfað með þeim.“

Langafi Birnu og faðir Ketils kaupfélagsstjóra var séra Guðmundur Guðmundsson frá Gufudal, ritstjóri á Ísafirði. Eiginkona sr. Guðmundar var Rebekka, dóttir Jóns Sigurðssonar alþingismanns á Gautlöndum. Afabróðir Birnu var Haraldur Guðmundsson, alþingismaður Ísfirðinga, formaður Alþýðuflokksins og ráðherra. Annar afabróðir hennar var Sigurður Guðmundsson á Ísafirði, faðir Jóns Sigurðssonar fyrrum ráðherra Alþýðuflokksins og nú bankastjóra Norræna fjárfestingarbankans í Finnlandi.

Blái liturinn kom snemma til sögunnar

Birna gekk í Álftamýrarskólann í Reykjavík, sem þá var undir stjórn mikils sjálfstæðismanns, Ragnars Júlíussonar. Ætli hún hljóti þá ekki að hafa verið Framari?

„Jú, ég var það. Fram er eina íþróttafélagið sem ég hef starfað í um dagana. Ég man vel þegar ég fékk að kaupa mér Framarabúning með tösku og öllu tilheyrandi. Fram var það félag sem hæst bar hjá mér í þá daga og ég hef alltaf haft taugar til þess síðan. Það voru líka svo sætir strákar í Fram, bæði í handboltanum og fótboltanum.“

– Þú hefur þá snemma verið klædd í réttum lit, ef horft er til nýjustu tíðinda í pólitíkinni hér vestra. Þú gætir sem best notað Frambúninginn í kosningabaráttunni núna ef þú værir ekki vaxin upp úr honum...

„Vissulega. Mér er líka sagt að blátt fari mér mjög vel!“

Fjölmiðlafræði og sálfræði

Síðan lá leið Birnu í Menntaskólannn við Sund á málabraut, „og þar lærði ég meira að segja svolítið í latínu! Ég er hrædd um að ég kunni ekki mikið í henni núna, þó að ég muni einföldustu beygingadæmin ennþá. Ég ákvað að fara ekki í Menntaskólann við Hamrahlíð, sem þó lá beinast við, vegna þess að mér fannst bekkjakerfið henta mér betur. Eftir stúdentspróf vorið 1986 tvísteig ég á annað ár, því að ég vissi ekki hvað ég ætti að

„Mér finnst ekki sanngjarnt að stilla málum þannig upp, að læknirinn fari ef menn kjósa mig ekki! Ég ákveð einmitt að taka þátt í þessu vegna þess að við erum búin að taka þá ákvörðun að vera hér, en alls ekki öfugt!"

leggja fyrir mig. Einhvern veginn blundaði fjölmiðlafræðin samt í mér, en hún var þá nýtt fag og mjög margir fóru í hana. Maður sá útvarpið og sjónvarpið í einhverjum hillingum. Þá var ekki boðið upp á þessa grein við Háskóla Íslands, heldur þurfti að fara utan til að leggja stund á hana. Á meðan ég var að hugsa mig um fór ég að vinna hjá Íslenska myndverinu sem átti þátt í því að koma Stöð 2 á laggirnar, þannig að ég fylgdist með því ævintýri öllu. Þar var ég tæpt ár í tæknideildinni, vann við að setja texta og fleira. Þar lærði ég nokkuð sem hefur nýst mér ótrúlega vel síðan, en það er hraði í innslætti á lyklaborð. Síðan ákvað ég að fara til Danmerkur í skóla, en fann mig ekki þar og kom aftur heim eftir fáa mánuði. Það var í árslok 1987 og þá ákvað ég að láta slag standa, vera ekkert að láta það þvælast fyrir mér hvað það væru margir í fjölmiðlafræði, og sótti um skólavist í Bandaríkjunum. Haustið 1988 fór ég síðan til Seattle í Washington-fylki á vesturströnd Bandaríkjanna, rétt við landamæri Kanada, og bjó þar og stundaði nám í fjögur ár. Ég lagði stund á fjölmiðlafræði með áherslu á útvarp og sjónvarp, og sálfræði. Nú tek ég bara mannskapinn á sálfræðinni! Reyndar var sálfræðin hliðargrein hjá mér, þannig að ég get alls ekki talið mig sálfræðing, þó að ég hafi lokið gráðum í þeirri grein líka. En sálfræðin var ágætur skóli fyrir mig.“

Sótti um kennslu en varð fréttamaður á Ísafirði

– En svo komstu beint vestur á Ísafjörð...

„Ég kom heim til Íslands sumarið 1992 og hafði þá verið að senda heim umsóknir um leiðbeinandastöður við skóla víða úti um land. Ég var malarbarn úr Reykjavík í húð og hár og mig langaði að prófa að fara út á land og búa þar um tíma. En þá var öldin önnur. Það var enga stöðu að hafa fyrir mig, allar stöður setnar kennaramenntuðu fólki þetta haust. Þegar ég kom til landsins í ágúst var ég enga vinnu búin að fá. Ég hitti í Reykjavík skólastjórann á Tálknafirði, þar sem ég hafði sótt um stöðu, en það gekk ekki. Hins vegar sagði hann við mig góð orð, sem ég mun alltaf geyma í minni: Það er ómögulegt að láta fjórðunginn missa svona kvenkost – og bað mig lengstra orða að hafa samband við fræðslustjórann á Ísafirði, Pétur Bjarnason, og athuga hvort hann fyndi ekki eitthvað fyrir mig. Ég gerði það, og frétti þá af stöðu fréttamanns við Svæðisútvarp Vestfjarða. Ég hafði ekki séð starfið auglýst, enda var ég nýkomin til landsins. Þá fór boltinn að rúlla og ég hringdi víst nærri daglega í Finnboga Hermannsson. Ekki veit ég hvort hann varð svo leiður á kvabbinu í mér, en þannig fór að ég var ráðin. Þetta var að vísu ákveðið ferli sem ég fór í gegnum, ég þurfti að gangast undir fréttamannapróf hjá útvarpinu, en ég held að við höfum ekki verið mörg um hituna hér vestra. Svo kom ég vestur og mér var tekið með kostum og kynjum. Ég þekkti þá engan hér fyrir vestan nema Finnboga og Hansínu konu hans, og þau tóku mig hreinlega inn á sitt heimili. Ég gleymi því aldrei hvað þau tóku afskaplega vel á móti mér og studdu vel við bakið á mér þegar ég kom vestur. Þessi fjölskylda var eins og önnur fjölskylda mín. Síðan var ég fréttamaður á Svæðisútvarpinu í tvö ár. Það var einstaklega góður skóli fyrir mig.“

Svæðisútvarp Vestfjarða

– Það hefur trúlega verið gott og lærdómsríkt að vinna með Finnboga og undir stjórn hans...

„Finnbogi kenndi mér mjög margt og vildi allt fyrir mig gera, eins og móttökurnar hjá þeim hjónum sýndu. Auðvitað kemur stöku sinnum upp ágreiningur þegar fólk vinnur eins náið saman og á Svæðisútvarpinu. Hann hefur örugglega ekki alltaf verið sáttur við mig og ég hef sjálfsagt ekki alltaf verið sátt við hann, en fyrr mætti nú vera.“

– Er Svæðisútvarpið ekki dálítill streitustaður?

„Jú. Menn þurfa að vera fljótir að setja sig inn í mál og afgreiða þau. Finnbogi hefur sannkallað fréttanef, svakalega fljótur að sjá fréttir í hlutunum. Hann tekur á málum og auðvitað eru ekki allir sáttir við það. En ég vil spyrja: Hvenær geta allir verið sáttir við fréttamennsku?“

– Er það réttmætt, sem oft heyrist, að Svæðisútvarp Vestfjarða sé neikvætt í fréttaflutningi, að það flytji eintómar vondar fréttir af Vestfjörðum?

„Fólk verður að gæta að því, að hér hefur óskaplega margt gengið á, fyrir nú utan náttúruhamfarimar sem hafa dunið hér yfir. Úlfúðin í pólitíkinni á Ísafirði hefur ekki riðið við einteyming, eins og við höfum áður minnst á. Hver höndin hefur stöðugt verið upp á móti annarri. Þetta eru fréttir. Fréttir eru oft neikvæðar í eðli sínu. Eðli þeirra er að greina frá einhverju sem gerist skyndilega. Það jákvæða og góða tekur yfirleitt lengri tíma að þróast og mótast og þess vegna er erfiðara að greina frá því í einhverjum fréttastíl. Svæðisstöðvarnar hafa þeim skyldum að gegna að koma fréttum á landsrásina. Þeir sem vinna við svæðisstöðvarnar eru ráðnir sem fréttamenn Ríkisútvarpsins og vinna fyrir landsrásina líka. Þessu má ekki gleyma.“

Hvað eru fréttir?

– Leitar fréttastofan fyrir sunnan eftir neikvæðum fréttum?

„Leita fréttastofur eftir neikvæðum fréttum? skaltu heldur spyrja. Fréttastofan fyrir sunnan leitar ekkert frekar eftir neikvæðum fréttum en aðrar fréttastofur, hvort sem það er Bylgjan eða Stöð 2 eða einhverjar aðrar. Það er einfaldlega eðli frétta að greina frá því sem gerist skyndilega og vissulega ósjaldan að greina frá því sem miður fer. Það gefst minna svigrúm til að greina frá því sem gott má teljast og vekur bjartsýni hjá fólki. Það gengur ekki að benda á Svæðisútvarpið og segja: Þetta er rót vandans! Rætur vandamála hér vestra eru allt aðrar. Rætur vandans eru ágreiningur fólksins innbyrðis, sem síðan spyrst út. Fólk ætti kannski að hafa hægar um sín ágreiningsmál og reyna að vinna saman í friði að einhverju uppbyggilegu, í stað þess að vera sífellt að finna einhverja sökudólga. Svæðisútvarpið skáldar ekki upp fréttir. Gagnrýnin á Svæðisútvarpið, sem oft heyrist, er að mínum dómi verulega ósanngjörn í meginatriðum. Aftur á móti tel ég að það ætti að endurskoða hlutverk svæðisstöðvanna. Í dag er hlutur þeirra afskaplega rýr. Fjármagnið til reksturs þeirra er mjög takmarkað. Ef vel ætti að vera þyrfti að senda hér út að minnsta kosti alla virka daga vikunnar og jafnvel hafa eitthvert léttara efni um helgar.“

Loksins farin að kenna

– Nú ertu loksins orðin leiðbeinandi úti á landi, eins og þú stefndir að fyrir átta árum...

„Loksins fékk ég stöðuna sem ég sótti svo fast eftir!“

– Hvað ertu að kenna?

„Ég kenni allt mögulegt. Ég kenni tíu og ellefu ára krökkum flestar greinar og er umsjónarkennari hjá þeim, og síðan sé ég um alla enskukennsluna í skólanum.“

– Og svo ertu að stjórna íþróttum...

„Það er nú meira til gamans gert. Ætli við séum ekki um tuttugu kellingar sem hittumst tvisvar í viku og hoppum og skoppum í eróbikk. Ég hoppa fremst, rek þetta áfram og segi hvað eigi að gera.“

– Eintómar „kellingar“?

„Reyndar var einn karlmaður með okkur í fyrstu tvö skiptin, en svo lagðist hann mjög veikur og hefur ekki sést síðan! Aðrir karlmenn hafa ekki vogað sér inn á þessa samkundu.“

– Er gaman að kenna?

„Já, ég hef ofsalega gaman af því að kenna og vinna með þessum krökkum. En það getur verið erfitt stundum. Ég hef fullan skilning á kjörum kennara í dag. Mér finnst full ástæða til að endurskoða þau mál frá rótum. Ég er ekki sátt við þá samninga sem gerðir voru í vetur. Spurningin er hvort við viljum viðhorfsbreytingu í skólamálum, hvort við viljum viðhorfsbreytingu til kennarastarfsins, eða hvort við viljum láta börnin mæta afgangi. Mér finnst þetta afskiptur málaflokkur.“

„ Fréttir eru oft neikvæðar í eðli sínu. Eðli þeirra er að greina frá einhverju sem gerist skyndilega. Það jákvæða og góða tekur yfirleitt lengri tíma að þróast og mótast og þess vegna er erfiðara að greina frá því í einhverjum fréttastíl. Svæðisstöðvarnar hafa þeim skyldum að gegna að koma fréttum á landsrásina. Þeir sem vinna við svæðisstöðvarnar eru ráðnir sem fréttamenn Ríkisútvarpsins og vinna fyrir landsrásina líka. Þessu má ekki gleyma.“

Og þar með er Birna rokin í eróbikk með „kellingunum“. Við Hallgrímur læknir höldum áfram að spjalla yfir kaffibolla og bakkelsi dálitla stund enn.

Vaktin íþyngjandi en ekki alltaf erilsöm

– Þú ert eini læknirinn hér á Þingeyri og á vakt allan sólarhringinn alla daga. Er mikið annríki?

„Já, ég er alltaf á vakt, en ég get ekki sagt að annríkið sé mikið. Hins vegar getur hvað sem er gerst, hvenær sem er, þannig að vaktin sjálf er íþyngjandi, jafnvel þótt ekkert gerist. Segja má að vaktin stjórni lífi mínu, þó að hún sé ekki alltaf erilsöm. Þessi stöðuga vakt er einn helsti ókostur einmenningshéraðanna. Síminn hér er neyðarsími allan sólarhringinn, alla daga, allt árið. Ég veit ekki hvenær hann mun hringja, en ég verð alltaf að vera viðbúinn því að hann hringi. Hins vegar er samvinna milli læknanna á Flateyri og Þingeyri, þannig að við leysum hvor annan af í fríum. Ef það væri ekki kæmist ég aldrei í burtu.“

Hallgrímur gerir lítið að því að stunda íþróttir, eftir að hann meiddist á hné fyrir mörgum árum. Hann stendur þó fyrir körfuboltaæfingum hjá hópi manna á Þingeyri, sjálfum sér og þeim til gamans, svipað og sambýliskonan sér um hoppið hjá kellingunum.

Talið berst aftur að mannlífinu á norðanverðum Vestfjörðum. Hallgrímur leggur áherslu á samstöðu byggðanna í stað sundrungar og flokkadrátta. „Við hjónin eigum bæði rætur á Ísafirði og þekkjum ágætlega til þar, þó að við búum hér á Þingeyri. Ég hef líka unnið mikið á Flateyri sem læknir og er því ágætlega kunnugur þar.“

Kvótakerfið, Vestfirðir og víglína Ísafjarðar

– Ertu sæmilega bjartsýnn á framtíð þessara byggða á norðanverðum Vestfjörðum? Heldurðu að það sama gerist hér og gerðist á Hornströndum og í Jökulfjörðum á sinni tíð, þegar fólkið hvarf allt í einu á braut?

„Ég óttast það. Ég kenni kvótakerfinu um það að hluta, eins og margir aðrir, þó að ekki sé hægt að kenna því um allan vanda. En ég er þeirrar skoðunar að afleiðingar kvótakerfisins séu mestu hamfarir sem nokkru sinni hafa gengið hafa yfir Vestfirði. Kvótakerfið er ranglátt í eðli sínu, það er miðstýrð lagasetning gegn mannréttindum.“

En hvað sem kvótakerfinu og öðrum plágum líður, þá er enn blómlegt mannlíf á Þingeyri við Dýrafjörð, þar sem víglína Ísafjarðar liggur nú. Þess ágæta fólks úr öllum flokkum sem skipa mun næstu bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar bíður erfitt starf. Miklu skiptir að allir vinni saman en ekki hver gegn öðrum. Þegar kjörtímabilinu lýkur verður ný öld gengin í garð.

– *Hlynur Þór Magnússon.*

Keppnin um fegurstu stúlku Vestfjarða

Ásta Ýr kjörin fegursta stúlka Vestfjarða

Ásta Ýr Esradóttir, 18 ára nemi frá Súðavík var kjörin fegursta stúlka Vestfjarða á úrslitakvöldi Fegurðarsamkeppni Vestfjarða sem haldin var í veitingahúsinu Krúsinni á Ísafirði á laugardagskvöld. Húsfyllir var á úrslitakvöldinu sem þótti takast hið besta. Auk þess að vera kjörin fegursta stúlka Vestfjarða fékk Ásta Ýr viðurkenningu fyrir fallegustu fótleggina.

Ljósmyndafyrirsæta kvöldsins var kjörin Fanney G. Sigurþórsdóttir, 18 ára nemi frá Flateyri og vinsælasta stúlkan, sem keppendur velja sjálfir, var kjörin Þórhalla Sigurðardóttir, 22 ára nemi frá Patreksfirði. Dómnefnd kvöldsins skipuðu þau Guðrún Astrid Elvarsdóttir, fegurðardrottning Vestfjarða 1996, Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland, Silja Allansdóttir, framkvæmdastjóri Fegurðarsamkeppni Vesturlands, Hrafn Friðbjörnsson, eigandi Stúdíó Ágústu og Hrafns og Magnús Hávarðarson prenthönnuður. Heiðursgestur kvöldsins var Elísabet Hjaltadóttir, ljósmyndafyrirsæta Vestfjarða 1996. Ljósmyndari blaðsins var á úrslitakvöldinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

Fegurðardrottning Vestfjarða, Ásta Ýr Esradóttir frá Súðavík.

Keppendurnir sjö eftir að úrslit höfðu verið kunngjörð. F.v. Erna Höskuldsdóttir, Þórhalla Sigurðardóttir, Hrefna Björnsdóttir, Ásta Ýr Esradóttir, Halldóra Hallgrímsdóttir, Fanney G. Sigurþórsdóttir og Helga Rún Guðjónsdóttir.

Dómnefndin að störfum. Frá vinstri: Magnús Hávarðarson prenthönnuður, Guðrún Astrid Elvarsdóttir, fegurðardrottning Vestfjarða 1996, Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland, Silja Allansdóttir og Hrafn Friðbjörnsson.

Faðir fegurstu stúlku Vestfjarða, Esra Esrason.

Fanney G. Sigurþórsdóttir, ljósmyndafyrirsæta Vestfjarða.

Þórhalla Sigurðardóttir var kjörin vinsælasta stúlkan.

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar veita Guðmundur og Þorgerður í síma 456 3107 eftir kl. 19.

Til sölu er Mazda 626 árg. 1983. Vel með farinn bíll. Upplýsingar í síma 456 3654.

Til sölu eru sem nýir **skíðaklossar** fyrir 7-8 ára. Verð kr. 2.000. Upplýsingar í síma 456 3614 eftir kl. 17.

Árgangur ´59. Hittumst á veitingastaðnum Á Eyrinni fimmtudaginn 9. apríl kl. 20:30 og fögnum fermingarafmælinu.

Óska eftir **kojum** með dýnum, helst gefins eða ódýrt. Upplýsingar í síma 456 3835.

Til sölu er **Silver Cross** barnavagn, snjóþota fyrir 0-1 árs og reiðhjól fyrir 4-15 ára. Upplýsingar í síma 456 5906.

Til sölu er **Silver Cross** barnavagn. Verð kr. 15 þús. Upplýsingar í síma 456 4430.

Aðalfundur KFÍ. Aðalfundur KFÍ verður haldinn þriðjudaginn 14. apríl kl. 20:30 í fundarsal Skipasmíðastöðvarinnar. Stjórnin.

Óska eftir að taka upphitaðan **bílskúr** á leigu í sex mánuði til eins árs. Upplýsingar gefur Ingibjörg í síma 456 3689.

Til sölu er **Lada Sport** árg. 1988. Upplýsingar í síma 456 7210. Á sama stað eru til sölu hestar.

Íbúð til leigu eða sölu. 3ja herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi á Eyrinni er til sölu eða leigu. Laus 15. maí eða jafnvel fyrr. Verð aðeins kr. 2,9 milljónir. Leiga kr. 25 þús. á mánuði. Upplýsingar gefa Dagný eða Arnar í síma 456 4318.

Vegna flutnings er til sölu stofuskápur úr lútaðri furu, fataskápur úr lútaðri furu, borðstofuborð og sex stólar úr hnotu, sófaborð, nýleg tölva og fleira. Upplýsingar í síma 456 5308.

Tveir yndislegir **kettlingar** af hálf persnesku eðalkyni fást gefins. Upplýsingar í síma 456 3010.

Til sölu er stór, hvítur og grár, vel með farinn Silver Cross barnavagn. Verðhugmynd kr. 15 þús. Upplýsingar í síma 456 7567.

Til sölu er **Izusu Trooper** árg. 1982. Ódýr, fallegur og góður jeppi á aðeins kr. 150 þús. Upplýsingar í síma 456 5308.

Ég er stelpa á 15. ári sem er tilbúin til að passa á kvöldin og um helgar. Upplýsingar gefur Kristrún í síma 456 3144.

Óska eftir **Hokus-Pokus stól**. Upplýsingar í síma 456 3193.

Til sölu er 2ja herb. lítil og notaleg íbúð á 2. hæð, sameign úti og inni. Ný endurnýjuð. Suðursvalir. Áhvílandi rúmar tvær milljónir króna. Verð 2,5 milljónir. Upplýsingar gefur Svavar í síma 588 3940.

Til sölu er **Pfaff saumavél**. Upplýsingar í síma 456 3396.

BB í næstu viku

Útgáfa næsta tölublaðs BB seinkar um einn dag vegna páskana. Blaðið kemur út fimmtudaginn 16. apríl.

Til sölu

Til sölu er einbýlishúsið að Miðtúni 23, Ísafirði. Góð eign í mjög góðu hverfi. Frábært útsýni. Tilboð óskast. Skipti möguleg.

Upplýsingar í síma 456 3880 eða á staðnum eftir kl. 18 frá og með 8. apríl.

Fundur um sorg og sorgarviðbrögð

Fundur um sorg og sorgarviðbrögð verður haldinn í Safnaðarheimili Bolungarvíkur miðvikudagskvöldið 15. apríl kl. 20:30.

Ísafjarðarprófastdæmi.

Beitningamenn!

Birgir Hermannsson vatnar beitningamenn fram í maí. Beitt verður á Ísafirði.

Upplýsingar veitir Halldór Hermannsson í síma 456 3787.

Afmæli

85 ára

Þuríður Jónsdóttir Edwald (Billý) verður 85 ára 10. apríl nk.

Hún verður á afmælisdaginn á heimili dóttur sinnar og tengdasonar að Seljalandavegi 18 á Ísafirði.

Þuríður Jónsdóttir Edwald.

Horfur á Skírdag, föstudaginn langa og laugardag:
Breytileg eða norðlæg átt. Víðast gola en þó kaldi við austur ströndina. Smá él við NA ströndina en annars þurrt og víða léttskýjað. Hiti frá 5 gráðum niður í 8 stiga frost. Hlýjast um S-vert landið.

Horfur á Páskadag:
Hæg SV-læg átt og él um vestan vert landið en hægviðri og léttskýjað um austan vert landið.
Á 2. í páskum er gert ráð fyrir SV-kalda og hlýnandi veðri.

Steinsögun Múrbrot

Sögum, brjótum og fjarlægjum steypta veggi og gólf

Gerum föst verðtilboð

ÁGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR

Árnagötu 3
Ísafirði
Sími 456 5500
Fax 456 5501

PÁSKADAGSKRÁIN

FIMMTUDAGUR

09.00 Bíbí og félagar
09.55 Mínus
10.00 Jarðarvinir
10.25 Smáborgarar
10.50 Pochahontas
11.35 Eruð þið myrkfælin?
12.00 Emil og Skundi (e)
12.40 Flottustu töfrabrögð í heimi
14.20 Íslendingar á norðurpólnum
Forvitnilegur þáttur um ævintýraferð Ara Trausta Guðmundssonar og Ragnars Th. Sigurðssonar á norðurpólinn 1995.
14.45 Hugrekkið sigrar (e)
16.20 Með afa
17.10 Nágrannar
17.55 Jóhannesarpassía
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Skari skrípó
Sirkús Skara skrípó naut feikivinsælda meðan hann var á fjölunum í Loftkastalanum.
20.25 Margfaldur
(Multiplicity)
22.30 Dead Presidents
(Dauðir forsetar)
00.35 Feigðarvon 2 (e)
(Deathwish II)
02.10 Kúrekar í stórborginni (e)
(Cowboy Way)
Gamanmynd um nútímakúrekana Sonny og Peter sem þurfa að fara til New York og kynnast þar algörlega nýjum heimi.
03.55 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR

09.00 Bíbí og félagar
09.55 Smáborgarar
10.20 Pochahontas
11.05 Ævintýraferðin (e)
12.20 Emil og Skundi (e)
13.00 Lögregluskólinn 7 (e)
14.20 Geggjun Georgs konungs (e)
16.05 Munkarnir í St. Vandrille
16.50 Kristnihald undir jökli (e)
Hér segir af guðfræðinemanum Umba sem er sendur upp á Snæfellsnes til að kynna sér kristnihald undir Jökli og þá einkum og sér í lagi embættisfærslur gamla prestsins á staðnum, Jóns Prímusar.
18.20 Jóhannesarpassía
19.30 Fréttir
20.00 Sviðsljós (e)
20.35 Konur skelfa
Leikritið gerist eina kvöldstund á kvennaklósetti á skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur. Það sýnir okkur brot úr lífi fimm ólíkra kvenna og eins karlmanns sem villist inn í þennan kvennaheim í leit að vinkonu sinni. Við verðum vitni að innbyrðis samskiptum kvennanna, fáum innsýn í gleði þeirra og sorgir, og endalausa leit að ást í hringiðu skemmtanalífs.
22.10 Óþelló
00.15 Gereyðandinn
(Eraser)
02.15 Lögregluforinginn Jack Frost
04.00 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR

09.00 Með afa
09.50 Ævintýri Mumma
10.05 Bíbí og félagar
11.00 Ævintýri á eyðieyju
11.25 Dýraríkið
11.55 Gerð myndarinnar Anastasia
12.20 Leynigarðurinn (e)
13.55 Glæstar vonir
14.15 Oprah Winfrey
15.00 Vetrarflug
Farið er í áætlunarflug með flugfélaginu Örnum á milli staða á Vestfjörðum. Við stjórnvölinn er Hörður Guðmundsson, kunnur flugkappi sem er vanur að fljúga rúntinn á milli staða fyrir vestan. Spjallað er við hann, farþegana og heimamenn á stöðunum, auk þess sem sagðar eru sögur frá byggðarlaginu.
15.45 Jefferson í París (e)
18.00 Lífið er saltfiskur (1:2
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Simpson-fjölskyldan
20.30 Cosby (25:25)
21.00 Frú Winterbourne
22.50 Trainspotting
00.35 Óvæntir endurfundir (e)
02.05 Á bólakaf (e)
(Going Under)
03.25 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.30 Páskadagsmorgunn
09.55 Tímon, Púmba og félagar
10.20 Andrés Önd og gengið
10.45 Svalur og Valur
11.10 Andinn í flöskunni
11.35 Ævintýrabækur Enid Blyton
12.00 Madison (28:39) (e)
12.25 Húsið á sléttunni (17:22)
13.10 Viðskiptavikan (7:20) (e)
13.25 Andrés önd og Mikki mús
13.45 Krummarnir (e)
15.15 Öskubuska (e)
18.00 Leiðin til andlegs þroska (e)
18.20 Lífið er saltfiskur (2:2)
19.30 Fréttir
20.00 Sporðaköst (1:6)
Farið er í Laxá í Kjós með landsliðseinvaldinum Guðjóni Þórðarsyni og Bjarna Hafþóri Helgasyn.
20.30 Íslenskir karlmenn
Upptökur frá tónleikum Stuðmanna og Karlakórsins Fóstbræðra sem fram fóru í febrúarlok.
21.15 Fyrirbærið
22.50 Ákvörðun á æðstu stöðum
(Executive Decision)
01.10 Leppurinn (e)
(The Front)
02.45 Á hættutímum (e)
(Swing Kids)
04.35 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR

09.00 Páskakanínan
09.25 Bíbí og félagar
10.20 Mínus
10.25 Benjamín
11.15 Smáborgarar
11.40 Vesalingarnir
12.05 Addams fjölskyldan
12.30 Úr smiðju Fredricks Back
12.40 Karatestelpan (e)
14.25 Kanínuheiði (e)
15.55 Snjóflóð
Bandarísk heimildarmynd um snjóflóð.
16.50 Sódóma Reykjavík (e)
18.10 Nágrannar
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Leiðin til Afríku
Athyglisverð mynd um ævintýralegt ferðalag tveggja ungra Íslendinga til Afríku. Í stað þess að ferðast á þægilegasta máta í hefðbundnu flugferðalagi ákváðu félagarnir að fljúga eingöngu með vöruflutningavélum.
20.35 Siggi Valli á mótorhjóli
20.50 60 mínútur
21.40 Ráðgátur
22.25 Reykur
02.05 Dagskrárlok

MIÐVIKUDAGUR

10.30 Skjáleikur
13.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Ferðaleiðir
19.00 Sterkasti maður heims 1997
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Víkingalottó
20.35 Kastljós
21.05 Jerúsalem (2:4)
22.05 Radar
22.40 Bráðavaktin (11:22)
23.25 Útvarpsfréttir
23.35 Skjáleikur

FIMMTUDAGUR

09.00 Davíð dvergur og ævintýri hans
10.20 Skjáleikur
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Undrabarnið Alex (22:26)
19.00 Úr ríki náttúrunnar
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Við höfðum ekkert vit á stríði
Þáttur um íslenska sjómenn sem fluttu fisk á seglskútum, smábátum og kolatogurum í breskar hafnir í síðari heimsstyrjöldinni en það voru mikilvægustu matvælaflutningar til Bretlands á þeim tíma.
21.25 Jerúsalem (3:4)
22.30 ...þetta helst
23.00 Gyðjan og meistarinn
(Meeting Venus)
00.55 Útvarpsfréttir
01.05 Skjáleikur

FÖSTUDAGUR

09.00 Sandokan sjóræningi
10.15 Skjáleikur
15.40 Spice Girls í Istanbúl
17.00 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (35:65)
18.30 Fjör á fjölbraut (20:26)
19.20 Fiðurfé
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Spænska veikin
Ný íslensk heimildarmynd um það neyðarástand sem skapaðist á Íslandi í október og nóvember 1918 vegna lífshættulegs inflúensu-faraldurs sem kallaðist Spænska veikin.
21.20 Jerúsalem (4:4)
22.20 Purpuraliturinn
00.50 Útvarpsfréttir
01.00 Skjáleikur

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.35 Skjáleikur
13.45 Auglýsingatími
14.00 Íslandsmótið í handknattleik
15.50 Formúla 1
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Dýrin tala (28:39)
18.30 Hafgúan (17:26)
18.55 Grímur og Gæsamamma

PÁSKAR Á ÍSAFIRÐI

Sjallinn Café - Restaurant Bar

KRÚSIN

Félagsheimilið Hnífsdal

ÍSAFJARÐARBÍÓ

PIZZA 67

Miðvikudagskvöld til kl. 03

KRÚSIN: 2 TÆPIR (18 ár) Rúnar og Viðir Diskó til kl. 03

SJALLINN: PÖBBINN OPINN! (18 ár)

Fimmtudagskvöld til kl. 23.30

SJALLINN: PÖBBAKVÖLD SSSÓL SKEMMTIR (18 ár)

Föstudagskvöld frá kl. 24 til 04

KRÚSIN: 2 TÆPIR (18 ár) Rúnar og Viðir Diskó eins og best gerast!

SJALLINN: SSSÓL (18 ár)

Laugardagskvöld til kl. 23.30

KRÚSIN: UPPLYFTING (18 ár) KFÍ HÁTÍÐ Húsið opnar kl. 24 f. dansgesti

SJALLINN: DISKÓTEK (16 ár)

Sunnudagskvöld til kl. ?

KRÚSIN: PÁSKABALL SKÍÐAFÉLAGSINS UPPLYFTING SKEMMTIR (18 ár)

Félagsheimilið Hnífsdal: (18 ár) SSSÓL SKEMMTIR

Mánudagskvöld Annar í páskum

SJALLINN: PÖBBINN OPINN TIL KL. 03 (18 ár)

PIZZA 67

Opnunartími

MUNIÐ **SÍMI 456 3367** HEIMSENDINGARÞJÓNUSTUNA

Skírdag kl. 11.30 - 23.30

Föstudaginn langa kl. 12.00 - 14.00 og 17.00 - 21.00
+ heimsending til kl. 5 um morguninn

Laugardaginn kl. 12.00 - 23.30
+ heimsending til kl. 5 um morguninn

Páskadag kl. 12.00 - 14.00 og 17.00 - 21.00
+ heimsending til kl. 5 um morguninn

Mánudag - annan í páskum kl. 12.00 - 03.00

Ísafjarðarbíó

Að vera eða vera ekki hýr.....
Frábær gamanmynd með Kevin Kline (Fish called Wanda og Fierce Creatures)
Sýnd **SKÍRDAG** og **ANNAN Í PÁSKUM** kl. 21.00

Fjölskyldumyndin Anastasia
Uppfull af spennu, ævintýrum, rómantík og tónlist. Myndin fjallar um Anastasiu, munaðarlausa prinsessu í leit að uppruna sínum. Á leið sinni lendir hún í miklum ævintýrum og kynnist hinum ýmsu persónum.
Sýnd **SKÍRDAG** kl. 15.00 og 17.00
ANNAN Í PÁSKUM kl. 15.00 og 17.00
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!

Opnunartími yfir páskana í Vídeóhöllinni

Fimmtudag (Skírdag):
kl. 16-19 og 20-23:30
Lokað föstudaginn langa
Laugardag: kl. 16-19 og 20-23:30

Lokað páskadag
Annar í páskum:
kl. 16-19 og 20-23:30

Athugið!



Tilboð í gangi alla páskana

Vertu þinn eigin(n) dagskrárstjóri yfir páskana

Gleðilega páska!

Vídeó Höllin – við Norðurveg
456 4853

TV 1000 GERVIHNATTA sjónvarpið

TV2 NORGE · TV3 D+N+S · TV DANMARK · KANAL 5 SVERIGE · MTV EUROPE · DR2 DANMARK · CNN USA · NRK 2 NORGE · NRK 1 NORGE · BBC PRIME ENGLAND · CARTOON TNT - USA · CANAL+ NORGE DANMARK

19.20 Króm
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.40 Enn ein stöðin
21.10 Lát hjartað ráða för
(Và dove ti porta il cuore)
22.55 Laumuspil
(Sneakers)
01.00 Útvarpsfréttir
01.10 Skjáleikur

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.55 Skjáleikur
13.00 Markaregn
14.00 Páskaguðsþjónusta
15.00 Hátíðarsýning í hringleikahúsi
15.55 Formúla 1
17.55 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Milli vina (11:11)
19.00 Geimstöðin (18:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Fáein aðfararorð
20.50 Sunnudagsleikhúsið
Brekkukotsannáll - fyrri hluti
21.55 Upprisan
(Resurrection)
23.35 Markaregn
00.35 Útvarpsfréttir
00.45 Skjáleikur

MÁNUDAGUR

09.00 Villi Fog í hafdjúpunum
10.15 Skjáleikur
13.00 Rósariddarinn
(Der Rosenkavalier).
16.30 Íslandsmótið í handknattleik
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Prinsinn í Atlantisborg
18.30 Lúlla litla (23:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Páskaliljur
Þorfinnur Ómarsson tekur á móti góðum gestum, þeim Rannveigu Rist, Sigrúnu Sól Ólafsdóttur, séra Solveigu Láru Guðmundsdóttur og Vigdísi Finnbogadóttur.
21.15 Sunnudagsleikhúsið
Brekkukotsannáll - seinni hluti
Sjónvarpsmynd frá 1973 gerð eftir samnefndri skáldsögu HalldórsLaxness í samvinnu við sjónvarpsstöðvar í Þýskalandi og á Norðurlöndum. Handrit og leikstjórn: Rolf Hädrich. Leikendur: Jón Laxdal, Þorsteinn Ö. Stephensen, Regína Þórðardóttir, Þóra Borg, Róbert Arnfinnsson, Sigríður G. Bragadóttir o.fl. Tónlist: Leifur Þórarinsson. Leikmynd: Björn G. Björnsson.
23.00 Hinsta ópið
(Sista skriket)
Sænskt sjónvarpsleikrit um kvikmyndaleikstjórann Georg af Klerckerog deilur hans við Charles Magnusson, framkvæmdastjóra Svenska Bio. Höfundur og leikstjóri er Ingmar Bergman og leikendur eru Björn Granath, Ingvar Kjellsen og Anna von Rosen.
00.00 Útvarpsfréttir
00.10 Skjáleikur

Söluaðili gervihnattabúnaðar: Frum-Mynd, Sólgötu 11 Ísafirði, sími 456 5091

BEINAR ÚTSENDINGAR ERLENDRA SJÓNVARPSSTÖÐVA

TV 2 - NOREGUR

Miðvikudagur 8. apríl kl. 20:40
Leeds - Chelsea
Föstudagur 10. apríl kl. 14:15
Manchester United - Liverpool
Laugardagur 11. apríl kl. 13:45
Arsenal - Newcastle

CANAL + GUL

Fimmtudagur 9. apríl kl. 23:35
NHL- Carolina Hurricane - Toronto
Föstudagur 10. apríl kl. 00:05
NBA - Charlotte Hornets - Atlanta Hawks
Laugardagur 11. apríl kl. 19:05
NHL - Philadelphia -Washington Capitals
Mánudagur 13. apríl kl. 16:55
Blackburn - Arsenal

CANAL + - SVÍÞJÓÐ

Föstudagur 10. apríl kl. 15:00
Íshokkí - SM-Final 4
Sunnudagur 12. apríl kl. 15:00
Íshokkí - SM Final 5

CANAL + DANMÖRK

Fimmtudagur 9. apríl kl. 17:55
Þýski boltinn
Laugardagur 11. apríl kl. 16:00
Þýski boltinn

CANAL + FINNLAND

Föstudagur 10. apríl kl. 16:00
Finnski boltinn
Sunnudagur 12. apríl kl. 16:00
Finnski boltinn

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAD Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Fegurðardrottning Vestfjarða 1998

Ásta Ýr Esradóttir, 18 ára nemi frá Súðavík var kjörin fegurðardrottning Vestfjarða á úrslitakvöldi Fegurðarsamkeppni Vestfjarða sem haldin var í veitingahúsinu Krúsinni á Ísafirði á laugardagskvöld.

Það kemur því í hlut Ástu Ýr að keppa fyrir hönd Vestfjarða í keppninni um fegurstu stúlku Íslands. Sjá nánar frásögn og myndir frá úrslitakvöldinu á bls. 13.

Endurskipulagning starfsemi Freyju

Náin samvinna við Básafell á Ísafirði

Síðustu vikur hefur verið unnið að endurskipulagningu á starfsemi Freyju hf., á Suðureyri og er endurskipulagningin gerð með náið samstarf við Básafell hf., á Ísafirði í huga, en fyrr í vetur ákvað stjórn Básafells að ganga inn í rekstur Freyju sem helmingseigandi á móti heimamönnum, en það var gert að ósk heimamanna. Fram að því hafði félagið átt 35% hlut í Freyju en sá hlutur fylgdi Norðurtanganum við sameininguna við Básafell.

Þessar upplýsingar koma fram í nýjasta fréttabréfi Básafells en þar segir að rekstur Freyju hafi gengið illa undanfarin ár sem og síðari hluta árs 1997 en þá fékk fyrirtækið heimild til nauðasamninga. Hlutafé félagsins var fært niður í eitt þúsund krónur og í framhaldi af því var samþykkt að auka hlutafé í allt að 100 milljónir króna. Stjórn Freyju ákvað að nýta 60 milljónir af þeirri heimild. Hlutafjáraukningu er nú lokið og þessa daganna er unnið að því að uppfylla skilyrði nauðasamninga þ.e. að greiða 15% af lýstum kröfum.

Arnar Kristinsson framkvæmdastjóri Básafells, segir í fréttabréfinu, hvatann að því að Básafell leggi að nýju hlutafé í Freyju fyrst og fremst vera þann að ekki þótti rétt að félagið kæmi hvergi nærri hefðbundinni bolfiskvinnslu. „Samvinna milli Flateyrar og Suðureyrar í hráefnisöflun og framleiðslu var talinn hagkvæmur kostur auk þess sem rekstur hefðbundinnar bolfiskvinnslu hefur heldur verið að lagast undanfarin misseri. Frystihús Freyju hentar vel í þessu tilliti og með auknu hráefni má ætla að rekstur Freyju geti skilað hagnaði í framtíðinni," segir Arnar. Áætlað er að vinna eingöngu þorsk á Flateyri en á Suðureyri verður áherslan lögð á steinbít og ýsu þótt þorskur verði unnin þar ef annað hráefni fæst ekki.

Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Freyju telur fjárfestingu Básafells skynsamlega. Í fréttabréfinu segir hann: „Með henni fær fyrirtækið aðgang að landvinnslu Freyju og styrkir þannig stöðu sína í sjávarútvegi. Ég held að þetta samstarf styrki byggðakjarnana í sveitarfélaginu og sé í raun forsendan fyrir áframhaldandi byggð á þessum stöðum. Ég hlakka til þess að takast á við þetta verkefni og vera þátttakandi í því að byggja upp stórt og öflugt fyrirtæki í Ísafjarðarbæ."

Starfsmenn Freyju eru í dag um fjörutíu en ráðgert er að þeim fjölgi á næstu misserum um allt að tuttugu. Áætlað er að fyrirtækið velti um 400 milljónum króna á þessu ári.

Sunnudagsstund á fjöllum

Fjölmargir Vestfirðingar nutu veðurblíðunnar um síðustu helgi og fóru á skíði eða stunduðu einhverja aðra útiveru. Meðal þeirra sem nutu veðurblíðunnar á Breiðadalsheiði á sunnudag voru hjónin Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Skipasmíðastöðvarinnar á Ísafirði og Sólveig Sigurðardóttir sem hér sjást ásamt börnum sínum, þeim Ragnari Óla og Björk. Eins og sjá má hafði fjölskyldan tjaldað í snjónum og hlaðið virki til að fá skjól fyrir norðan vindinum. Er það von allra Vestfirðinga sem og skíðavikugesta að páskadagarnir verði jafn góðir og síðasta helgi.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Flug:
Ísafjörður - Reykjavík
Reykjavík - Ísafjörður
frá kr. 7.630,-

Hár & Hitt
óskar viðskiptavinum sínum
Gleðilegra Páska!
HÁR & HITT
Hárgreiðslustofa
Pollgötu 4 Ísafirði Sími 456 5191

1978-1998
GOLFARAR!
æfið sveifluna fyrir sumarið
Brottför 13. maí
MALLORCA
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

2
Vest 97·9 BYLGJAN ÍSAFIRÐI
Fréttaritari á Ísafirði
Símar: 456 5252 • 854 8822
894 8822 • Boðtæki 842 0578
Umboðsaðili
Þjónusta & áskrift
Sími: 456 4594
Fax: 456 4592
PÓLLINN HF.

Starfsfólk Snyrtihússins óskar viðskiptavinum þess gleðilegra páska!
MUNIÐ
Snyrtihús Sóleyjar
FERMINGARTILBOÐIN!
Hafnarstræti 9 • Ísafirði